



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Hótel Reykjavík og bruninn mikli árið 1915
Þróun brunamála í Reykjavík í tengslum við brunann mikla

Ritgerð til B.A.-prófs
Ólöf Vignisdóttir

September 2011

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið
Sagnfræði

Hótel Reykjavík og bruninn mikli árið 1915

Þróun brunamála í Reykjavík í tengslum við brunann mikla

Ritgerð til B.A.-prófs

Ólöf Vignisdóttir

Kt.: 101289-2659

Leiðbeinandi: Guðmundur Hálfðánarson

September 2011

Ritgerðin fjallar um brunamál í Reykjavík í tengslum við brunann mikla árið 1915 og þróun þeirra. Rannsakað er hversu mikil áhrif bruninn hafði á brunamálin í Reykjavík, og er þar átt við slökkviliðið, brunavarnir og timburhúsa-, skipulags- og tryggingamál. Orðræðan í samfélaginu um brunamálum er rannsökuð og athugað er hvort greina megi augljósa breytingu í henni fyrir og eftir brunann.

Á þessum tíma í kringum brunann árið 1915 var margt sem taka þurfti tillit til í Reykjavík. Bæ með ört vaxandi fólksfjölgun og í kjölfarið mikinn húsnæðisvanda. Hótel Reykjavík var nokkurs konar tákn nýrra tíma, þar var að finna flest allar tækninýjungar sem í boði voru í Reykjavík á þeim tíma og var einn aðal-samkomustaður borgaranna í bænum. Hvernig endurspeglar Hótel Reykjavík og bruninn samfélagsgerð þessa tíma? Þróun Reykjavíkur úr bæ í borg krafðist nýrrar hugsunar af bæjarbúum varðandi brunamál. Slökkvilið hafði verið til staðar í bænum frá árinu 1874, en árið 1915 voru aðstæður í bænum orðnar gjörbreyttar og velta má því fyrir sér hvort þróun brunavarna hafi verið í takt við aðra þróun í Reykjavík. Nauðsyn brunavarna var oft deiluefni manna, og þá hversu mikið væri nóg. Talað var um að óþarfi væri að eyða takmörkuðu fé bæjarins í munaðarvöru. Þá er spurning hvort sjá megi augljósa breytingu á hugarfari bæjarbúa gagnvart brunavörnum eftir brunann. Hvaða áhrif hafði bruninn á brunatryggingar í bænum? Gæti bruninn hafa verið hvatinn að stofnun Brunabótafélags Íslands? Hversu mikil áhrif hafði danska brunabótafélagið á brunamál í bænum og hvernig var viðhorf Íslendinga gagnvart þessu erlenda tryggingarfélagi?

Í ritgerðinni verður leitast við að gefa heildstæða mynd af öllum þessum þáttum og vægi þeirra. Orðræðugreiningu er beitt til að ná sem bestum skilningi á hvernig brunamálum var háttað í Reykjavík á fyrstu tveimur áratugum síðustu aldar.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Hótel Reykjavík, táknmynd borgarastéttarinnar.....	9
Bruninn 25. apríl, 1915.....	13
Slökkvilið Reykjavíkur.....	18
Timburhús bönnuð í Reykjavík.....	28
Brunabótatryggingar í bænum.....	34
Stofnun Brunabótafélags Íslands.....	39
Niðurstöður.....	41
Heimildaskrá:	46

Inngangur

Eldur kom upp í Hótel Reykjavík, Austurstræti 12, aðfaranótt 25. apríl 1915. Tólf hús eyðilögðust í brunanum og tveir menn brunnu inni. Þetta var stærsti bruni sem orðið hafði á landinu fram að því og var því mikið áfall fyrir Reykvíkinga. Bruninn skildi eftir sig stórt og ljótt skarð í ásýnd bæjarins og varð ákveðinn vendipunktur í byggingasögu Reykjavíkur.

Margir stórbrunar hafa átt sér stað í mannkynssögunni, og fyrst má þar nefna brunann mikla í Róm árið 64, þar sem keisarinn Neró hefur verið sakaður af seinni-tíðar mönnum um að spila á fiðlu meðan að borgin brann. Stórborgir í Evrópu hafa sumar hverjar nánast brunnið til grunna til að mynda Lundúnaborg í miklum bruna árið 1666¹. Nærtækara dæmi fyrir Íslendinga væri bruninn í Kaupmannahöfn árið 1728, þar sem stór hluti handritasafns Árna Magnússonar brann². Allir þessir brunar virtust eiga það sameiginlegt að eldurinn breiddist hratt út og var nánast óstöðvandi. Einnig voru upptök eldsins í elsta hluta borganna og þar var skipulagi ábótavant og ekki hafði verið gert ráð fyrir neinum brunavörnum, sama hversu frumstæðar sem þær kunna að hafa verið. Eftirmál brunanna endurspeгла vel ráðandi hugarfar hvers tíma gagnvart borgarlífi, skipulagi og tækni.

Bruninn í Róm var gríðarlega umfangsmikill. Róm skiptist í fjórtán hverfi á þessum tíma, en þrjú þeirra brunnu til grunna, önnur sjö voru rústir einar. Aðeins fjögur hverfanna stóðu eftir óskemmd af eldinum. Margar af fornum byggingum Rómar eyðilögðust í brunanum, stórglæsileg hof og ölturu til heiðurs guðunum sem var mikil eftirsjá af. Neró keisari nýtti sér brunann sem nýtt upphaf, þegar gömlu húsin voru farin var hægt að byggja stærri og ennþá glæsilegri hús, sem nokkurs konar tákn um nýja tíma. Gullna höll Neró reis, ein glæsilegasta bygging síns tíma, alsett gulli og gimsteinum. Einnig kom nýtt skipulag fyrir Róm, ólíkt gamla skipulaginu sem einkenndist af óreiðu og mjög þéttri byggð. Nýja skipulagið var línulaga, með breiðum strætum og garður í kringum öll hús. Sett var reglugerð um hæð húsa og öll húsin voru varin að framan með súlnagöngum. Þá kom reglugerð um að ákveðið hlutfall af byggingarefni húsanna yrði að vera gegnheill steinn án viðs frá Gabii eða Alba, þar sem það var talið að sá steinn væri eldtraustur. Frumstæðu slökkviliði var komið á og

¹ Vef: „Great fire of London“

² Vef: „Bruninn 1728“

átti það að sjá um að alltaf væri nóg af vatni til slökkva elda. „Húseigendur voru skyldaðir til að hafa brunavarnir heima hjá sér og samliggjandi hús voru bönnuð.“³ Bruninn í Róm endurspeglar vel framfarahug Neró, sem vildi glæsilega nútímalega borg. Einnig má sjá þar mikla fyrirhyggju, að bruni þarf ekki að vera óumflýjanlegur hluti af borgarlífi, heldur hvernig hægt er að koma í veg fyrir að álíka stórslys gerist aftur. Nokkur líkindi má sjá með eftirmálum brunans í Róm og í Reykjavík. Það er nokkuð áhugavert þar sem 1851 ár skilja þessa atburði að. Timbur og þétt byggð er talin vera aðalástæðan fyrir hraðri útbreiðslu eldsins, og það var skorinn upp herör gegn lélegu skipulagi.

Hvaða áhrif hefur svona stórbruni á borgarmyndun og hvernig endurspeglast hugarfar borgarbúa gagnvart sínu umhverfi í eftirmálum stórbruna? Reykjavík var mjög ólíkt samfélag og Róm var árið 64, Lundúnir árið 1666 og Kaupmannahöfn árið 1728, en samt sem áður virðast eftirmál brunans í Reykjavík hafa fylgt svipuðu mynstri og í borgunum þremur. Brunavarnir voru teknar fastari tókum, byggingareglugerðir hertar og timbrinu kennt um. Ný byrjun, fyrir nýja borg. Með því að skoða samfélagið í Reykjavík fyrir og eftir bruna, með brunavarnir, byggingareglugerðir og tryggingamál að leiðarljósi, ætla ég að varpa einhverju ljósi á hugarfar bæjarbúa gagnvart breyttum tímum og nýjum aðstæðum. Hvaða viðhorf voru ríkjandi gagnvart brunamálum í samfélaginu og þá af hverju? Það verður að athuga samfélagið í heild, hvernig aðstæður bæjarbúa voru og þá einnig fjárhagur bæjarfélagsins. Hvað breyttist með eldsvoðanum, var það aðeins tímaspursmál með frekari borgarmyndun í Reykjavík og ört vaxandi fólksfjölda að svona slys yrði ?

Til að varpa ljósi á viðhorf Reykvíkinga er nauðsynlegt að skoða orðræðuna í samfélaginu, þá sérstaklega gagnvart borgarlífi sem var nýtt á nálinni á Íslandi á þeim tíma. Borgarlífið fól í sér margar nýjungar og þróunin úr sveit í bæ var svo hröð að Reykvíkingar áttu oft í erfiðleikum með að fóta sig í nýju samfélagi. Með bæjarlífinu komu upp ný vandamál svo sem skipulag, brunavarnir og mikill húsnæðisvandi. Heitar umræður mynduðust um þessi málefni í blöðunum sem og á Alþingi. Til að varpa ljósi á orðræðuna fyrir brunann um brunavarnir verður aðeins að skyggast til baka til ársins 1874 þegar reglugjörð um ábyrgð Reykjavíkurborgar fyrir eldsvoða á húsum bæjarins var samþykkt. Hver er ástæða þess að þetta frumvarp fór í gegn og hverjar

³ Tacitus. „The Burning of Rome“. Bls.363-364

voru afleiðingar þessarar samþykktar fyrir Reykjavík? Hvernig var þróun brunamála í Reykjavík frá upphafi slökkviliðsins til ársins 1915? Hvað einkenndi orðræðuna varðandi slökkviliðið og hvað var það sem réði tækjakostinum? Orðræðan í samfélaginu virðist hafa verið klofin um hversu umfangsmiklar brunavarnir þyrfti í Reykjavík. Með því að greina orðræðuna um brunavarnir í Reykjavík ætti að vera hægt að varpa einhverju ljósi á togstreituna í samfélaginu gagnvart örri borgarþróun. Brunavarnir eru þó ekki einstakur málaflokkur sem stendur einn og sér, heldur nátengdur öðrum málaflokkum svo sem borgarskipulagi, byggingareglugerðum og váttryggingum. Þess vegna verður að taka alla þessi þætti inn í orðræðuna og skoða það samfélag sem orðræðan var sprottin úr. Í kjölfarið má spyrja hvort hægt er að greina tilfinnanlega breytingu á hugarfari Reykvíkinga gagnvart bruna og byggingamálum eftir brunann? Einnig hvernig það endurspeglar hugarfar bæjarbúa og allra Íslendinga gagnvart Reykjavík?

Í greininni „The Great Cat Massacre“ í bókinni *The Great Cat Massacre and Other Episodes in French Cultural History* notar bandaríski sagnfræðingurinn Robert Darnton einn einkennilegan atburð í Frakklandi á 18.öld til að greina franskt samfélag og skilja betur aðstæður fólks og hugarfar. Darnton tekur fyrir í greininni þegar nokkrir prentlærlingar héldu gerviréttarhöld yfir nokkrum villiköttum í hverfinu og drápu þá síðan. Prentlærlingunum þótti þetta mjög fyndið atvik og þeir voru alltaf að rifja aftur upp sér til skemmtunar. Þetta atvik virðist mjög einkennilegt í augum nútímamanna sem eiga erfitt með að átta sig á hvað var fyndið við það. Til að skilja húmorinn, skoðaði Darnton samfélagið sem prentlærlingarnir bjuggu í með þá hugmynd að leiðarljósi að ef við skiljum brandarann þá skiljum við samfélagið betur.⁴

Hann notar hér þá aðferð að taka einstakan atburð og greina til að skilja hugarfar einstaklinga í þessu tiltekna samfélagi út frá viðbrögðum þeirra við honum. Hann skoðaði aðstæður, hefðir og samfélagsgerð, til að skýra atburðinn. Bruninn í Hótel Reykjavík var einstakur atburður fyrir Reykvíkinga sem höfðu aldrei séð slíkan bruna áður og voru viðbrögðin í takt við það. Árunum eftir brunann voru þónokkrir verið gagnrýndir fyrir hvernig staðið var að málum í kringum brunann og má þar helst nefna bæjarstjórnina sem var harðlega gagnrýnd fyrir skort á brunavörnum í bænum. Dagblöðin loguðu af gagnrýni á brunamál í bænum strax daginn eftir brunann,

⁴ Robert Darnton. *The Great Cat Massacre*. Bls. 81.

viðbrögðin leyndu sér ekki. Mikil óánægja ríkti einnig meðal bæjarbúa um hvernig var staðið að málum í brunanum. Má rekja greinilega breytingu á hugarfari gagnvart brunamálum fyrir og eftir brunann? Var fyrirhyggja meira ríkjandi eftir brunann, hversu víðtæk áhrif hafði bruninn á hugarfar manna? Hugarfar má greina á ýmsum sviðum, ekki einungis í umræðum og dagblaðagreinum, heldur einnig breytingar á lögum og skipulagsmálum. Til að reyna að skilja betur þennan bruna má notast við aðferðir Darntons við að skoða og greina samfélagið til að varpa betri og skýrari mynd á þennan atburð og þær breytingar sem hann hafði í för með sér. Ýtti bruninn Reykjavík inn í nýja tíma, líkt og bruninn í Róm gerði á fornöld?

Hótel Reykjavík, táknmynd borgarastéttarinnar

Upp úr aldamótunum 1900 byrjaði Reykjavík að breytast úr bæ í borg, fólksfjölgun var mjög ör og ný tækni að ryðja sér til rúms í samfélaginu. Vatnsveitan var tekin í notkun árið 1909 og Gasstöðin ári síðar.⁵ Hafnarframkvæmdirnar 1913-17 mörkuðu tímamót í sögu Reykjavíkur, var þá byggð fyrsta varanlega höfnin í Reykjavík.⁶ Verslun í Reykjavík jókst einnig til muna, og Reykjavík varð miðstöð heildverslunar á Íslandi með verslunum eins og O. Johnson & Kaaber.⁷ Árið 1901 var mannfjöldi í Reykjavík 6682 en árið 1910 var mannfjöldinn orðinn 11600.⁸ Með þessari miklu fólksfjölgun myndaðist nýr þjóðfélagshópur borgara, verslunarmanna og embættismanna. Og flestir þeirra sóttu skemmtanir í Hótel Reykjavík.

Hótel Reykjavík var tilraun til að reka nútímalegt hótel og veitingahús, ólíkt því sem flestir bæjarbúar höfðu áður kynnst. Hótelið var lýst upp með gasi og þar var einnig rennandi vatn. Hótelið var mjög reisulegt timburhús með stórum upplýstum veitingasal sem hentaði fyrir ýmis konar atburði.

Margar þeirra breytinga sem áttu sér stað upp úr aldamótunum 1900 í Reykjavík endurspeglast í Hótel Reykjavík. Það var gaslýst með vatnsveitu, seldi áfengi og kaffi fram til 1915. Veislurnar þar voru umtalaðar fyrir glæsileika. Í Reykjavík hafði myndast ný stétt verslunarmanna. Reykjavík var orðin verslunarmiðstöð Íslands,⁹ einnig miðstöð stjórnsýslu og menntunar í landinu. Flestallir heldri menn í Reykjavík sóttu glæsiveislur á Hótel Reykjavík þar sem skipti miklu máli að sýna sig og sjá aðra. Reykjavík var stéttskiptur bær, og sá munaður sem var í boði á Hótel Reykjavík var örugglega framandi fyrir fátæklinga, sem höfðu ekki efni á að njóta skemmtana á hótelinu fyrir utan á jólatrésskemmtanir og dansleiki Verzlunarfélags Reykjavíkur fyrir fátæk börn.¹⁰ Reykvíkingar virðast hafa reynt að gera sér grein fyrir breyttum aðstæðum og voru farnir að fóta sig í borgarlífinu. Ákveðin ímyndarvandamál einkenndu bæinn, því að Reykjavík var höfuðborg Íslands, miðstöð menntunar, stjórnsýslu og verslunar, en var á sama tíma aðeins rétt rúmlega 13 þúsund manna bær. Í ekki stærri bæ flýgur fiskisagan hratt, og því getur skipt miklu máli að halda uppi ákveðinni ímynd. Hótel

⁵ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20.öld.* bls. 201.

⁶ Páll Líndal. *Sögustaður við Sund.* bls. 22.

⁷ „Reykjavík sem verzlunarmiðstöð 1875-1945“. bls. 179.

⁸ Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. *Hagskinna*: „Tafla 2.3“, bls 66,

⁹ „Reykjavík sem verzlunarmiðstöð 1875-1945“. bls. 172

¹⁰ „Verzlunarmannafélag Rvíkur.“. bls. 1

Reykjavík sá um það fyrir borgarastéttina í Reykjavík, sem skemmti sér á glæsihótelum í glæsilegum veislum. Eigendur hótelsins og fjölskylda þeirra var fyrirferðarmikil í mannlífi Reykjavíkur, má þar nefna Margréti Zöega sem tók við rekstrinum eftir andlát eiginmanns síns, Einars Zöega.

Margrét erfði húsið eftir mann sinn árið 1909, en þau höfðu rekið veitingastað og hótél í húsinu í nokkur ár. Hótél Reykjavík í Austurstræti 12 var eitt stærsta húsið í bænum, byggt árið 1905, og var mjög vel búið húsgögnum.¹¹ Húsið var hið glæsilegasta og eitt aðalsamkomuhús Reykvíkinga. Stóri salurinn var einn veglegasti veislusalur bæjarins, það tignarlegur að hann þótti við hæfi konungs.

Þegar Friðrik VIII. konungur og danskir þingmenn komu í heimsókn til Íslands árið 1907, gisti hluti þingmanna á Hótél Reykjavík. Þann 31. júlí árið 1907 sló Alþingi upp veislu til heiðurs konungs á Hótél Reykjavík.¹² Við heimsókn konungs var ekkert til sparað og reynt að losa Reykjavík við þorpsbraginn. Um það segir í Fjallkonunni: „Þryddur var Reykjavíkurbær eftir því sem föng voru á. [...] Hús voru sveigum skreytt, fánar, stórir og litlir blökuðu víða á húsum, og fánastengur reistar með vegi konungs fram og miklu víðar.“¹³ Í konungsheimsókninni endurspeglast ímyndarvandamál sem bæjarbúar kljáuðust við og þar birtist augljós togstreita á milli sveitalífs og borgarlífs. Þar mætast nýir tímar og gamlir þar sem Íslendingar kepptust við að ganga í augu konungs og losa sig við molbúastimpilinn. Heimsókn konungs var stórviðburður og farið var út í miklar framkvæmdir um Suðurland „Vegir voru ruddir og ár brúaðar til að greiða ferð gestanna og gera vagnfært með farangur þeirra, [...] - og haldnar daglegar veislur með meiri viðhöfn en sést hafði í landinu.“¹⁴ Íslendingum virðist hafa verið mikið í mun að losa Reykjavík og svæðið í kringum höfuðstaðinn við sveitabraginn, því þeir vildu ekki vera eftirbátar annarra þjóða, enda þjónaði slík ímynd hagsmunum sjálfstæðisbaráttunnar illa. Konungsheimsóknin endurspeglar vel borgarvæðinguna á Íslandi. Reykjavík var í örur vexti og Íslendingar vildu sýna fram á að landið væri ekki lengur íhaldssamt sveitasamfélag, heldur opið samfélag sem var reiðubúið til að nútímavæðast. Þar gegndi Hótél Reykjavík mikilvægu hlutverki, því aðeins glæsilegasta veitingahúsið í bænum þótti við hæfi konungs.

¹¹ „Meira um brunann“. bls. 61

¹² „Heimsókn konungs og ríkisþingmanna, Móttökur syðra.“. bls. 203

¹³ „Konungskoman.“. bls. 122

¹⁴ Helgi Skúli Kjartansson. *Ísland á 20.öld.* bls. 60

Fram undir miðjan annan áratug síðustu aldar birtast margar fréttir um alls konar glæsiveislur sem haldnar voru í stóra salnum á Hótel Reykjavík, en fréttirnar virðast hætta ef eðlilegum ástæðum eftir árið 1915. Áfengi var selt á hótelinu, þrátt fyrir aukið fylgi við bindindishreyfinguna og að lokum var algjört áfengisbann. Góðtemplarar keyptu Hótel Ísland árið 1906 til að kveða Bakkus burt þaðan, og eftir það var Hótel Reykjavík eini handhafi vínsöluleyfis í Reykjavík. Á nýársdag árið 1915 gekk áfengisbannið í gildi, og því var mikill fögnuður hjá Góðtemplurum á gamlárskvöld, „en Bakkusarmenn fylktu liði við „Hótel Reykjavík“ og hrópuðu: „Lifi Bakkus“.“¹⁵. Það má ímynda sér að Hótel Reykjavík hafi verið ákveðinn tákngervingur ólifnaðar og drykkjuskapar fyrir bindindismönnum. Enda var Margrét Zöega harður andstæðingur áfengisbannsins, því það hafði umtalsvert tekjutap í för með sér fyrir hana og á endanum höfðaði hún skaðabótamál gegn Landssjóði vegna missis áfengissöluréttar, en tapaði málinu og þurfti að borga 500 kr. í málskostnað.¹⁶

Hótel Reykjavík seldi ekki aðeins áfengi, eins og sjá má af frétt í Vísi 12.febrúar árið 1915 „Láðst hefir að geta þess, að fyrir nokkru var á Hótel Reykjavík hafin kaffi- og matsala. Hafa herbergin verið faguð og prýdd, og má þar líta meðal annarra skrautmynda sem prýða veggina, Oddeyri, Þórsmörk og Lómagnúp, málaðar af Einari Jónssyni. Fer þar vel um gestina og gengur fjótt með afgreiðslu.“¹⁷ Af þessum ummælum má ætla að allur aðbúnaður hafi verið til fyrirmyndir á hótelinu. Brúðkaupsveislur voru ekki óalgengar á hótelinu og voru þær oft mjög glæsilegar. Segir frá brúðkaupsveislu Egils Jakobsen, kaupmanns og ungfrú Sigríðar Zöega: „Hafði þar verið rausn mikil og margt göfugra gesta, um 80 manns.“¹⁸ Því má ætla að Hótel Reykjavík hafi verið mjög áberandi í lífi heldri borgara í Reykjavík, að einhverju leyti tákmynd fyrir nýja stétt efnamanna sem hafði ráð á alls kyns munaðarvöru. Þessi munaður sem þarna var í boði hefur ekki verið á færi allra bæjarbúa og mörgum líklegast fundist alveg nóg um óhófið. Elka Björnsdóttir, verkakona, ritar í dagbók sína um brunann í Hótel Reykjavík: „merkilegt að eldurinn skildi koma frá óhófstöðinni stóru“.¹⁹ Munaðurinn sem einkenndi Hótel Reykjavík hefur líklegast stungið í augu Elku, verkakonu, sem átti í mestum erfiðleikum með að hafa í sig og á þrátt fyrir að

¹⁵ „Um láð og lög“. bls. 1

¹⁶ „Samtíningur“. bls. 12

¹⁷ „Bæjarfréttir“. bls. 1

¹⁸ „Hjónavígsla“. Bls. 2

¹⁹ Lbs. 2234, 8vo. Elka Björnsdóttir. „1.sunnud. í sumri 25.apríl“.

vinna erfiðisvinnu mest-allan daginn.²⁰ Ekki er ólíklegt að mörgu verkafólki hafi þótt nóg um hið mikla óhóf sem fylgdi nýrri stétt verslunarmanna, þar sem misskipting auðs var meira áberandi í þéttbýli heldur en í dreifbýli, því þar gáfust fleiri tækifæri fyrir auðmenn til að eyða peningum á áberandi hátt. Það má segja að margt af því sem tíðkaðist á Hótel Reykjavík hafi verið nýtt fyrir mörgum bæjarbúum. Því má halda fram að hótelið hafi verið tákni um breytta tíma og aðra menningu, þ.e. menningu borgarastéttarinnar á meðan það starfaði í þessi tíu ár frá 1905-1915.

²⁰ „Ræstingakonan í ráðhúsinu við Tjörnina“. Bls. 414

Bruninn 25. apríl, 1915

„Stærsti bruni á Íslandi. Þrettán hús í Reykjavík brenna á svipstundu. Guðjón Sigurðsson og annar maður bíða bana í eldinum. Allur miðbærinn í voða. Tjónið nemur mörgum hundruðum þúsunda.“²¹ Þetta er fyrirsögn *Morgunblaðsins* þann 26. apríl 1915. Hótel Reykjavík hafði brunnið aðfaranótt 25. apríl og 12 önnur hús eyðilögðust. Allt tiltækt slökkvilið var kallað til en það átti í miklum erfiðleikum að kljást við eldhafið. Mikill glundroði myndaðist þegar fólk reyndi að bjarga þeim eigum sem bjargað varð og forvitin augu vildu fylgjast með eldsvoðanum. *Morgunblaðið* lýsir þessu sem „hin mesta skelfing sem dunið hefur yfir höfuðstaðinn“²²

Kvöldið fyrir brunann var haldin brúðkaupsveisla á Hótel Reykjavík og síðustu gestir yfíráðu húsið í kringum þrjú eftir miðnætti. Eftir veisluna sat Margrét Zoëga uppi á lofti með Guðjóni vinnumanni sínum, þegar Eggert Briem hljóp upp til að vara þau við eldinum. Þau opnuðu herbergi nr. 28, sem var einkaherbergi Margrétar, og gaus þá þykkur reykjarmökkur á móti þeim. Þegar þau voru nýkomin út úr húsinu sáu þau alla efri hæðina í ljósum logum.²³ Eldhafið hefur verið ógurlegt, og segir í *Ísafold* að um 5 mínútum eftir að eldsins varð vart hafi hótelið allt staðið í björtu báli og það hafi ekki tekið eldinn nema um 1-1½ klukkustund að eyðileggja húsin tólf sem brunnu.²⁴

Margrét Zoëga sagðist hafa átt Eggerti Briem líf sitt að launa, því ekki mátti tæpara standa fyrir hana að fara út úr húsinu. Hún var dregin út úr húsinu í flýti, náði ekki einu sinni að grípa sjalið sitt að eigin sögn. Hún segir um tjónið sem hún varð fyrir: „Eg skal ekki segja um það, enda gerir það lítið til, því að eg átti flest, sem þarna var af innanstokksmunum og það var alt óvátrygt, [...] - En hvað er nú alt þetta samt, hjá mannskaðanum, sem þarna varð. Það er það, sem legst þyngst á mig.“²⁵

Tveir menn létust í brunanum þeir Runólfur Steingrímsson, vinnumaður hjá Margrétu Zoëga, og Guðjón Sigurðsson úrsmiður. Segir í *Lögréttu* að sorglegasta afleiðing stórbrunans hafi verið sviþlegt fráfall Guðjóns Sigurðssonar. „Þar er á bak að sjá merkur manni og mikilhæfum, og góðum dreng. Hann hafði með dugnaði og hagsýni rutt sjer braut gegnum fátækt og erfiðleika og var nú fyrir löngu orðinn vel

²¹ „Stærsti bruni á Íslandi. Þrettán hús brenna á svipstundu.“ bls. 1

²² „Stærsti bruni á Íslandi. Þrettán hús brenna á svipstundu.“ bls. 1

²³ „Bruninn mikli.“ bls. 1

²⁴ „Mesti eldsvoði á Íslandi.“ bls. 1

²⁵ „Enn frá brunanum.“ bls. 4

efnaður maður eftir hjerlendum mælikvarða.²⁶ Áhugavert að það er sérstaklega tekið fram að sorglegasta afleiðing brunans hafi verið fráfall Guðjóns, þegar tveir menn brunnu inni. Má þar greina augljósa stéttaskiptingu í umfjöllun um fórnarlömb eldsins, þar sem tekið er sérstaklega fram að sorglegasta afleiðing brunans hafi verið fráfall Guðjóns, en Runólfur er vart nefndur á nafn. Guðjón var efnaður maður og þekktur í bæjarlífinu, og hefur það ráðið þessari miklu umfjöllun um hann fyrst eftir brunann. Annað hljóð kemur í strokkinn nokkrum dögum eftir brunann þegar blöðin fjölluðu um Runólf og sviplegt fráfall hans. *Vísir* birti þann 28. apríl 1915 ljóð til minningar Runólfs frá „vini“²⁷ og Margrét Zoëga sá mikið eftir góðum vinnumanni, sem hún sagði að hefði verið dyggur og áreiðanlegur maður.²⁸ Stéttaskipting virðist samt sem áður ekki hafa komið í veg fyrir að bæjarbúar hafi sýnt hver öðrum samhug á erfiðum tímum, þrátt fyrir að fréttáflutningur fyrst um sinn hafi ekki sýnt þess merki.

Dagblöðin voru að vonum stútfull af greinum um eldsvoðann í nokkra daga á eftir og bera þar hæst fréttir af gífurlegu eignatjóni sem bruninn olli. *Morgunblaðið* segir að húsin sem skemmdust hafi verið vátryggð fyrir samtals 431 þúsund krónur, en þá voru ótaldir allir innanbúsmunir, en á svæðinu voru á milli 10 til 20 verslanir og sumar nokkuð stórar. Skrifstofa Eimskipafélagsins skemmdist, en hún var á lofti Edinborgarhússins. Sigríður Zoëga rak líka ljósmyndastofu fyrir ofan verslun Th. Thorsteinssonar. Það voru aftur á móti aðeins þrjár íbúðir sem brunnu, þ.e. í Hótel Reykjavík, Ingólfshvoli og húsi Gunnars Gunnarssonar kaupmanns. Þetta var heppilegt því að mikill húsnæðisskortur var í Reykjavík á þessum tíma. Stærstur hluti innstokksmunanna hafði verið vátryggður en þó ekki allur; t.d. var ekkert af innstokksmunum í Hótel Reykjavík vátryggt og Gunnar Gunnarsson kaupmaður sagðist einnig hafa misst töluvert af óvátryggðum eignum.²⁹

Talið var að gassprenging hafi orðið í hótelinu og við það hafi það orðið alelda. Borkenhagen, gasstöðvarstjóri, var vakinn rétt fyrir kl. 4 af bæjarfógetanum. Brá hann á það ráð að loka fyrir allt gas í bænum. En þótt gasinu hafi verið kennt um upptök brunans sagði Borkenhagen að sér væri „ekki kunnugt [um upptökin], en ef alt er í lagi getur gasið ekki haft áhrif á eldinn, fyrr en lampinn er farinn, og það nær að streyma út

²⁶ „Guðjón Sigurðsson úrsmiður“. bls. 69

²⁷ „Runólfur Steingrímsson“. bls. 2

²⁸ „Símtal við frú Zoëga“. bls. 2

²⁹ „Stærsti bruni á Íslandi. Þrettán hús brenna á svipstundu.“ bls. 1

óhindrað.³⁰ Ef gasstöðvarstjórinn hefði ekki lokað fyrir allt gas í bænum má vel vera að hlutirnir hefðu farið verr, en það er nokkuð mikil einföldun að kenna gasinu um. Gasið hafði verið deiluefni fólks í bænum um þó nokkurn tíma og vildu margir frekar leggja rafmagn í bæinn. Bruninn gaf málstað þeirra byr undir báða vængi. Árið áður hafði Jón Þorláksson, verkfræðingur, haldið opinn fund fyrir húseigendur og húsráðendur um rafmagnsmálið, þar sem samþykkt var samhljóða að skora á bæjarstjórnina að taka lagningu rafmagns á dagskrá á ný. Eftir fundinn var sett á fót rafmagnsnefnd í bæjarstjórninni og var mikill áhugi fyrir opnun rafmagnsstöðvar, en þær framkvæmdir töfðust vegna heimsstyrjaldarinnar.³¹ Ekki er að undra, miðað við umræðuna gegn gasi næstu árin fyrir brunann, að margir gripu strax á lofti gagnrýni á gasið til að styðja við sinn málstað, þó það sé mjög erfitt að sanna nákvæmlega hver upptök eldsins voru og hversu stóran þátt gasið átti í þeim og útbreiðslu eldsins.

Slökkviliðið fékk á sig nokkra gagnrýni fyrir að hafa komið of seint á staðinn, að hafa ekki kunnað til verka og að slökkvitækin hafi verið ófullnægjandi. Slökkvistjórinn varðist þessari gagnrýni í dagblaðinu *Vísir* þar sem hann segir að hafi ekki verið vitað betur en að þræðirnir hafi verið í lagi á brunaboðunum, að minnsta kosti var hann vakinn fljótt. Þegar hinir í slökkviliðinu skiluðu sér ekki, var brugðið á það gamla ráð að blása í lúður til að vekja menn. Að hans mati dugðu slökkvitækin vonum frammar, það hafi verið kraftaverk að takast skyldi að bjarga nokkrum húsum.³² *Morgunblaðið* þakkar fyrir að kaupmaður í bænum hafði yfir dælu að ráða sem notuð var við björgunaraðgerðirnar, og segir að Guðjón, úrsmiður, hefði kannski lifað brunann af ef tækjabúnaður og skipulag hefði verið betra í lagi. „Það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið í hann“³³ voru niðurstöður blaðsins. Aðalslökkviliðið mætti allt eins fljótt og auðið var en það var varaslökkviliðið sem mætti seint og illa, og var það nánast óæft og allt skipulag vantaði.³⁴

Strax næstu daga hófst umræða um hvort hefði mátt sjá brunann fyrir. Margir bentu á deilur næstu ára á undan um gasið og þá eldhættu sem hlytist af stórum tréhúsum, á meðan aðrir nefndu að margir fyrirboðar hefðu verið fyrir eldinum. Berdreymið fólk hefði dreymt fyrir atburðinn og birtust nokkrar sögusagnir um drauma

³⁰ „Frá brunanum“. bls. 1

³¹ Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur, bærinn vaknar*. bls. 315

³² „Frá brunanum“. bls. 1

³³ „Stærsti bruni á Íslandi. Þrettán hús brenna á svipstundu.“ bls. 2

³⁴ „Um slökkviliðið“. bls. 2

og fyrirboða. Í dagblaðinu *Vísir* birtir grein um fyrirburði og segir: „Svo er um brunann, sem Brjánsbardaga og aðra stórvíðburði, að nú eru eftir á að komast á kreik sögur um fyrirboða og fyrirburði ýmsa, sem á undan hafi verið gengnir. Höfum vér heyrt nokkrar slíkar sögur og setjum þær hér til fróðleiks þeim, er reiður henda á þeim hlutum, og seljum þær ekki dýrar en vér keyptum.“³⁵ Ekkju Þorsteins Erlingssonar skálds dreymdi þessa nótt fyrir gömlum manni sem var við Ísafoldarprentsmiðju að safna saman liði, síðan vaknaði hún við eldinn. Nokkra aðra dreymdi svipaða fyrirboða.³⁶ Flestar þessar sögur voru sagðar í gamni enda engar sönnur hægt að færa á þær. *Vísir* sagðist ekki selja þessar sögur dýrar en blaðið keypti þær, en á sama tíma líktu menn brunanum við Brjánsbardaga sem sýnir þá skoðun fólks að þarna hafi gerst lykilatburður í sögunni, sem rætt yrði um í langan tíma.

Eldsvoðinn kenndi bæjarbúum að þeir væru alls ekki megnugir að verjast svona stórslysum; bærinn bauð hættunni heim. Vanhæfni slökkviliðsins, ónógur og lélegur tækjakostur, tréhúsaþyrpingar og gasið spilaði allt saman við að skapa þessa miklu brunahættu sem var í Reykjavík. Reykjavík hafði stækkað mjög hratt og flestir í bænum höfðu verið fullir bjartsýni um framtíðina, nýja tækni, nýja tíma en „eldurinn [var] fljótur að eyða margra ára áhyggjusömu erfiði og hrófla við framtíðaráhorfunum“,³⁷ ritar Elka Björnsdóttir í dagbók sína. Eftir að þessi 13 hús brunnu til grunna virðast bæjarbúar búnir að fá nóg af hamförum, enda er það sárt þegar mikil verðmæti hverfa á augnabliki og banaslys verða. Það varð að gera eitthvað í málunum sem fyrst, svona stórslys mátti ekki endurtaka sig. Það varð að fara í fyrirbyggjandi aðgerðir sem fyrst og koma brunamálunum í lag sem lengi höfðu verið í lamasessi.

Gasið var gert að aðalsökudólgnum vegna upptaka brunans ásamt áðurnefndum þáttum. Steinhús eru ekki fullkomlega eldtraust, en það hefði verið hægt að draga úr líkunum á stórbruna með ýmsum fyrirbyggjandi aðgerðum. Reykvíkingar urðu því að bíta í það súra epli að hafa verið vitrir eftir á. Margir reyndu að líta á björtu hliðarnar og bentu á að það hefði getað farið verr. Fáar íbúðir brunnu, eins og áður sagði, og það sem skemmdist voru mest veraldlegir hlutir sem hægt var að bæta. Sem betur fór var Safnahúsið ekki meðal þeirra húsa sem brunnu, bentu nokkrir á, en það var stærsta steinhús landsins á þeim tíma og geymdi helstu gersemar þjóðarinnar. Þeir munir voru

³⁵ „Eftirhreytur frá brunanum. Fyrirburðir.“. bls. 2

³⁶ „Eftirhreytur frá brunanum. Fyrirburðir.“. bls. 2 og 3

³⁷ Lbs. 2234, 8vo. Elka Björnsdóttir. „1.sunnud. í sumri 25.apríl“.

ómetanlegir og þá hefði ekki verið hægt að bæta með því að skipta þeim út fyrir nýja. . Fólki biðlaði til bæjarins að fjarlægja gasið til að bjóða ekki frekari hættum heim. „Gasið getur einhverntíma þegar minst varir orðið þess valdandi að við missum þessa fjársjóðu okkar. Takið gasið úr húsinu og það sem allra, allra fyrst“, sagði í grein í *Morgunblaðinu*.³⁸

³⁸ „Stærsti bruni á Íslandi. Þrettán hús brenna á svipstundu.“ bls. 2

Slökkvilið Reykjavíkur

Þegar Reykjavík fékk kaupstaðaréttindi árið 1786 var hún á stærð við lítið þorp. Mannfjöldinn í Reykjavík var árið 1801 aðeins 307 manns og hafði Reykvíkingum þá fjölgað um 18 íbúa frá næsta manntali á undan, árið 1769. Var þá ekkert eiginlegt slökkvilið í bænum enda var hann í raun aðeins lítið og nokkuð strjábýlt þorp, og því var brunahætta lítil. En á 19. öld fjölgaði íbúum í Reykjavík miklu örar og voru þeir orðnir 2024 árið 1870 og 2567 árið 1880.³⁹ Með fleiri íbúum og stærri húsum jókst áhugi bæjarbúa á að ganga inn í dönsku brunabótafélögin til að tryggja húsin sín. Það hafðist á þjóðhátíðarárinu 1874.

Samkvæmt 1. grein í tilskipun sem gefin var út af bæjarstjórninni 14. febrúar 1874 tók Reykjavíkkaupstaður að sér ábyrgð á þriðjungi ábyrgðarverðs á húsum í bænum, dönsku tryggingarfélögin tóku á sig afganginn. Var þá öllum íbúum bæjarins gert að tryggja húsin sín, nema þeir sem bjuggu í torfbæjum; þeir gátu látið tryggja húsið sitt ef þeir óskuðu eftir því en voru ekki skyldugir til þess. Bæjarstjórnin skipaði mann til að sjá um innheimtu á tryggingargjaldinu fyrir ár hvert.⁴⁰ Þetta var stór áfangi eftir langa baráttu fyrir inngöngu í dönsku brunatryggingarfélögin.⁴¹ Ástæðan fyrir því hve brösuglega gekk að koma Reykjavík inn í danska brunabótafélagið var að það þótti vera meiri brunahætta í Reykjavík en í bæjum í Danmörku, og þess vegna settu brunabótafélögin það sem skilyrði að brunamálum í bænum yrði komið í gott lag og stofnað yrði slökkvilið.⁴² Sama ár var lagt fram frumvarp til reglugerðar um slökkvilið Reykjavíkurbæjar þar sem segir „Allir verkfærir karlmenn í umdæmi Reykjavíkkaupstaðar, að undanskildum konunglegum embættismönnum og bæjarstjórum, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði bæjarins frá því þeir eru 18 vetra, uns þeir eru fimmtugir, nema sjúkleikr hamli.“⁴³ Þarna var einnig kveðið á um skipun slökkvistjóra og fjórar undirdeildir slökkviliðsins, hið eiginlega slökkvilið, húsrifslíð, bjarglíð og lögreglulið, sem átti að sjá um að halda uppi röð og reglu við eldsvoða. Einnig skyldi stofnuð eldsvoðanefnd í Reykjavík, og var bæjarfótgetinn gerður að formanni hennar. Í henni sátu líka slökkviliðsstjórinn og þrjár bæjarfulltrúar, en hún átti

³⁹ Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. *Hagskinna*. bls. 66

⁴⁰ „Reglugjörð um ábyrgð Reykjavíkur kaupstaðar fyrir eldsvoða á húsum bæjarins“. bls. 25-26

⁴¹ Hrafn Ingvar Gunnarsson. „Reykjavík og brunamálin 1752 - 1895“. 60

⁴² Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 319

⁴³ „Frumvarp til reglugjörðar um slökkvilið Reykjavíkurbæjar.“ bls. 19

að sjá um skipulag og fjármál slökkviliðsins. Síðasta grein reglugerðarinnar kveður svo lauslega á um hlutverk næturvarðarins, en honum bar að vekja allt slökkviliðið ef hann yrði var við eldsvoða. Hilmar Finsen, landshöfðingi, undirritaði reglugerðina 31. október 1874.⁴⁴ 10. febrúar 1875 fundaði eldsvoðanefnd Reykjavíkurkaupstaðar í fyrsta sinn og í fundargerð brunamálanefndar segir: „Nefndinni kom saman um að fela slökkviliðsstjóra eða skora á hann, að semja skrá yfir alla þá bæjarbúa, sem skyldir eru til slökkviliðssþjónustu [...], og annað því um líkt, og koma með uppástungur um það“.⁴⁵ Þetta skjal undirrita þeir Lárus Sveinbjörnsson, Magnús Stephensen, Halldór Kr. Friðriksson, Ólafur Ólafsson og Geir Zöega. Þetta skjal og frumvarp til laga um brunamál í Reykjavík er upphafið að skipulögðum brunavörnum í Reykjavík sem áttu eftir að breyta miklu um öryggismál í Reykjavík. Tækin sem slökkviliðið hafði yfir að ráða árið 1874 voru tvær einfaldar sprautur með slöngum og tilheyrandi, ein sprauta með tveimur dælum og tveimur leðurslöngum, 80 fötur, þrjú ker undir vatn, þrjú brunastigar, sex krókstjakar og ein brunavoð. Þessi tækjakostur var fenginn til að liðka fyrir umsókn bæjarins um inngöngu í dönsku brunabótafélögin.⁴⁶ Inngangan í brunabótafélögin virðist hafa verið helsta hvatningin fyrir stofnun slökkviliðs í bænum, og óvíst hvenær það hefði verið stofnað ef þessi hvatning hefði ekki verið til staðar..

Bæjarbúum virðist hafa fundist það eðlileg krafa af hálfu brunabótafélaganna að stofna slökkvilið í bænum, en samt ekki endilega litið á slökkviliðið sem nauðsynlegan þátt í bæjarlífinu. Þó það væri vísir að þéttbýli í Reykjavík á þessum tíma og bærinn farinn að mótast sem höfuðstaður Íslands þá var Reykjavík samt sem áður lítil bær. Mönnum fannst ótækt að líkja bænum við stærri bæi í Danmörku, sem höfðu flestir sínar brunavarnir í góðu lagi. Reykvíkingar gátu þó ekki lengur hunsað þær breytingar sem höfðu átt sér stað næstu áratugin á undan og þurftu því að huga betur að skipulagsmálum í bænum og voru brunavarnir einn liður í því. Skort á áhuga á brunavörnum má kannski rekja til þess að bæjarbúar höfðu ekki ennþá fengið að brenna sig alvarlega á eldinum því byggðin var ekki orðin jafn þétt og hún varð á næstu áratugum og húsin nokkuð minni en seinna varð. Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur, segir einnig í *Sögu Reykjavíkur* að möguleikinn á fasteignatryggðum lánnum hafi örvað


⁴⁴ „Frumvarp til reglugerðar um slökkvilið Reykjavíkurbæjar.“ bls. 20-22

⁴⁵ BsR. Brunamálanefnd 1875-1945

⁴⁶ Hrafn Ingvar Gunnarsson. „Reykjavík og brunamálin 1752 - 1895“. 60

húsbyggingar í bænum og þar af leiðandi gefið Reykjavík forskot á aðra kaupstaði.⁴⁷ Hús í Reykjavík fóru stækkandi og stór tréhús⁴⁸ tóku að rísa og má að einhverju leyti rekja til þess að loksins var hægt að fá fasteignatryggð lán. Þessi mikla breyting á ásjónu bæjarins leiddi fljótt til þess að tækjabúnaðurinn sem keyptur var við stofnun slökkviliðsins dugði ekki lengur ef eldur kæmi upp.

Svo virðist sem að stöðugt hafi þurft að minna bæjarbúa á nauðsyn góðs slökkvibúnaðar og vel þjálfaðs slökkviliðs. Valgarður Breiðfjörð, smiður og kaupmaður, varð fyrstur til að gagnrýna slökkviliðið, hversu illa undirbúið það væri og illa tækjum búið í grein sem hann birti í blaðinu *Reykavíkingur* þann 23. nóvember árið 1891.⁴⁹ Í janúar árið eftir brann lítið vöruhús við Lækjargötu og slökkviliðið átti í mestu erfiðleikum að ráða við eldinn sökum skipulagsleysis og lélegs tækjabúnaðar. Fór þá af stað mikil umræða um aðbúnað slökkviliðsins. Knud Zimsen, borgarstjóri, segir um þetta í ævisögu sinni: „Þetta atvik varð til þess að opna augu margra fyrir því að slökkviliðið væri í raun rétttri gagnslaust eins og því væri háttað.“⁵⁰ Valgarður Breiðfjörð fór til Kaupmannahafnar og skoðaði búnaðinn sem slökkviliðið hafði yfir að ráða þar og varð sérstaklega hrifinn af sjálfheldisstigunum.



Tillaga Valgarðs Breiðfjörð að sjálfheldisstiga.^{mynd}

⁴⁷ Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur, bærinn vaknar*. bls. 35

⁴⁸ Guðmundur Finnbogason. „Timburhús“. Bls. 223

⁴⁹ „Slökkvilið og slökkvitól bæjarins“. bls 41-43 sjá mynd.

⁵⁰ Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 328

Mynd: „Slökkvilið og slökkvitól bæjarins“. bls 41

Þó nokkrir tóku vel í tillögur Valgarðs þó fjárhagur bæjarins leyfði ekki kaup á nýjum búnaði strax en Halldór Daníelsson, bæjarfógeti, sagði um þennan búnað að hann „væri ekkert nema „lúxus“, og slökkviliðið hefði aldrei vantað stiga“⁵¹. Svo fór að ekkert varð úr endurbótum á tækjum slökkviliðsins þá. Ekki skýtið að bæjarfógeta hafi fundist þetta vera óttalega mikil munaðarvara sem Valgarður stakk upp á við bæjarstjórnina. Eitthvað hefur það farið fyrir brjóstið á honum að bera saman slökkviliðið í Reykjavík og Kaupmannahöfn, þar sem stór munur er á þessum tveimur stöðum. Bæjaryfirvöldum hefur greinilega fundist óþarfi að eyða peningum í brunavarnir, enda ekki komið til alvarlegs bruna í Reykjavík ennþá, þó nokkrar skemmur hefðu brunnið. Nauðsynlegri mál þurfti að afgreiða og greinilega almennt viðhorf að það ætti ekki að vera að bruðla óþarflega mikið með bæjarfjármuni í brunavarnir, því að tillögur Valgarðs fengu ekki byr undir báða vængi og lentu í grýttum jarðvegi.

Árið 1903 brann eitt stærsta timburhús bæjarins sem kallað var Glasgow- húsið. Slökkviliðið mátti sín lítils gegn eldinum og björgunaraðgerðir gengu brösuglega. Við þetta komust brunamál í Reykjavík aftur í deigluna, „það var því ekki óeðlilegt, þótt Reykvíkingar vöknudu sem af vondum draumi eftir að hafa séð stærsta hús á Íslandi fuðra upp á röskum tveimur stundum, án þess að geta nokkuð að gert.“⁵² Nú í fyrsta sinn fengu bæjarbúar virkilega að finna fyrir því hversu vanmáttugir þeir voru gagnvart eldi og að ef til vill væri ódýrara að bæta brunavarnir en að missa heilu húsin í bruna. Eftir þetta var farið í einhverjar endurbætur á slökkviliðinu og slökkvitólum þess og var slökkvidæla sem gripin var traustataki í brunanum keypt með fé úr brunabótasjóði.⁵³ En engar róttækar endurbætur voru gerðar heldur var slökkviliðið orðið aðeins betur tækjum búíð, enda passað upp á að vera ekki að eyða í óþarfa munaðarvörur fyrir slökkviliðið, aðeins dælu sem var nú þegar búin að sanna notagildi sitt.

Svo virðist sem það hafi þurft nokkur áföll til að koma brunamálum í lag og eftir að Félagsbakarið brann árið 1905 og dönsku brunabótafélögin hækkuðu iðgjöld á innbústryggingum um 50 %, fór loksins að koma skriður á málefni slökkviliðsins. Guðmundur Olsen var gerður að slökkviliðsstjóra og hans fyrsta verk var að ráða 12

⁵¹ Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 330

⁵² Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 339

⁵³ Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 340

fasta menn í slökkviliðið.⁵⁴ Þarna var í fyrsta sinn komið á föstu slökkviliði í Reykjavík.

Í júlí-lok ársins 1910 kom Thisted, slökkvistjóri, í Kaupmannahöfn til Reykjavíkur og gerði tillögur að endurbótum á slökkviliðinu. Bæjarstjórnin ákvað að láta leggja brunasíma um bæinn með miðstöð á aðalstöð bæjarsímans og gera samninga þar að lútandi við símstjórnina. Einnig að reisa aðalbrunastöð á lóð Stefáns Egilssonar milli Suðurgötu og Tjarnargötu og slökkvitólahús í Vesturbænum á gatnamótum Framnesvegur og Brekkustígs, svo kaupa slöngur, slönguvagna, björgunarteppi, hjálma o.fl.⁵⁵

Árið 1912 var slökkvistöðin í Tjarnargötu tekin í notkun og er það tilkoma vatnsveitunnar árið 1909 sem gerði kleift að hægt var að reisa hana. Ári seinna var sett ný reglugerð sem gerði bænum skylt að eiga átta slönguvagna, fjórar slökkvidælur, þrjá björgunarstiga, einn sjálfheldisstiga, ljósker og önnur smááhöld. Slökkvistjóri var gerður ábyrgur fyrir viðhaldi á slökkvitólunum, auk þess að alltaf væru nógu margir í slökkviliðinu og það í góðri æfingu. Allir karlmenn⁵⁶ á aldrinum 25-35 ára nema sjúkaleiki hamlaði, voru skyldugir til að skrá sig í varaslökkviliðið. Þeir sem ekki mættu í skráningu áttu á hættu að verða sektaðir. Það átti aðeins að kalla til varaslökkviliðið ef um stórfelldan eldsvoða væri að ræða, eða þegar hætta væri á útbreiðslu elds. . Lögreglusveitinni bar skylda að viðhalda góðri reglu við eldsvoða, sjá til þess að slökkviliðsmenn fái greiðan aðgang að eldinum, einnig að engir óviðkomandi gengju of nærri brennandi húsi eða flytti neitt í burtu úr því.⁵⁷

Þarna hefðu slökkviliðsmál í bænum átt að vera komin í gott lag, íbúum hafði fjölgað í um tíu þúsund manns⁵⁸, síðan frá upphafsögum slökkviliðsins árið 1874 og ásýnd bæjarins hafði breyst mikið. Slökkvistöðin í Tjarnargötu og brunasímarnir, var fyrsta róttæka tilraunin til að koma brunamálum í bænum í lag samhliða auknu þéttbýli og þar af leiðandi meiri brunahættu. En voru endurbæturnar jafn góðar í orði og á borði?

⁵⁴ Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 341-44

⁵⁵ BsR. Gjörðabók bæjarstjórnar 22.júlí 1911.

⁵⁶ að undanskildum konunglegum embættismönnum, opinberum sýslunarmönnum og bæjarfulltrúum

⁵⁷ Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur, bærinn vaknar*. bls. 70 og Aðfnr. 4624 C. Gjörðabók bæjarstjórnar 17.apríl 1913.

⁵⁸ Guðmundur Jónsson. *Hagskinna*. bls. 67

Margt fór úrskeiðis þegar Hótel Reykjavík brann þann 25.apríl 1915. Slökkviliðið var strax gagnrýnt harðlega fyrir vanhæfni, og varaslökkviliðið mætti illa. Guðmundur Karlsson segir í bók sinni *Í björtu báli* sem fjallar um brunann:

Aðalslökkviliðið sjálf mætti fljótt og vel og enginn fann að störfum þess, en varaslökkviliðið - það sem kallað var út með brunalúðrinum - þótti mæta illa, og var því kennt um að, lúðrarnir hefðu ekki verið þeyttir sem skyldi, [...]

Stjórnendur þess liðs vöknudu ekki heldur og það varð til að auka enn á glundroðann. Enginn einkennismerki voru til handa mönnunum, svo að enginn vissi hverjum hann átti að hlýða, og gerði því hver það sem honum bezt sýndist. [...]

Það kom greinilega í ljós, að slökkviliðið var mjög illa búið tækjum, enda hafði verið treyst á Vatnsveituna, sem þó brást vonum manna í þetta sinn. Slöngur voru nægar til en þær voru lekar og vildu rifna og springa, kannske að sumu leyti vegna þess, hve geymsluplássið fyrir þær var lélegt.⁵⁹

Guðmundur Karlsson ritar bók sína um brunann mikla tæpum 50 árum eftir að hann gerðist. Hann byggir mikið á frásögnum og skrifar bókina til heiðurs föður sínum Karli Ó. Bjarnasyni, varaslökkviliðsstjóra. *Í björtu báli* mun vart teljast vera óhlutdræg frásögn.

Morgunblaðið segir um aðalslökkviliðið að þar hafi flestir gert sitt besta en liðið hafi vantað alla æfingu. Það hafi áður verið æft nokkuð oft, en svo virðist sem það hafi dregið úr æfingum.⁶⁰ Í Dagbók Slökkviliðsins eru skráðar átta æfingar árið 1913 en árið 1914 aðeins tvær, þá var miðbæjarliðið og vesturbæjarliðið, bara æft en ekki austurbæjarliðið það ár.⁶¹ Þarna virðist vera sama tilhneiging og svo oft áður, vel tekið á málum slökkviliðsins eftir að aðtæður þess voru bættar, en áhuginn dvínar fljótt og lítið viðhald á búnaðinum eins og oft áður. Slökkvistöðin var standsett, byrjað að æfa með miklum ákafa og svo virðist sem menn hafi talið að slökkviliðið væri í svo góðu ásigkomulagi og ekki kæmi svo stór bruni að slökkviliðið réði ekki við hann.⁶² Þess

⁵⁹ Guðmundur Karlsson. *Í björtu báli*. bls. 225-226

⁶⁰ „Um slökkviliðið“. bls. 2

⁶¹ BsR. Dagbók Slökkviliðsins 1913-1930

⁶² „Um slökkviliðið“. bls. 2

vegna hefur bruninn þann 25. apríl í Hótel Reykjavík verið mikið áfall og víti til varnaðar. Því þar kom augljóslega fram að það var margt fleira ábótavant en aðeins skortur á þjálfun slökkviliðsmannanna.

Tækjum var verulega ábótavant, brunahanar virkuðu ekki allir og sumar slöngurnar láku. Knut Zimsen, bæjarstjóri, segir í endurminningum sínum um slökkvitækin, „Enn fremur duldist mér ekki, að eftirlit með brunahönum og slöngum hafði ekki verið sem skyldi.“ Í bókinni *Í björtu báli* er einnig greint frá slökkvunaraðgerðum þar sem brunahanarnir brugðust.⁶³ Dælurnar sem til voru fyrir, voru kraftlitlar og dugðu lítið gegn bálkestinum. Þá var bifdæla tekin ófrjálsri hendi og notuð í björgunaraðgerðunum, sagt var að hún hafi dugað betur en 3-4 dælur af gömlu gerðinni.⁶⁴ Svo virðist sem helsta mein slökkviliðsins frá stofnun þess og til 1915 hafi verið áhugaleysi og skortur á viðhaldi. Með brunanum á Hótel Reykjavík og nærliggjandi húsum, virðast augu manna hafa opnast fyrir þessu viðvarandi vandamáli og fólki varð nóg um. Brunavarnir voru ekki lengur talinn vera munaðarvara, núna yrði að gera endurbætur og í þetta sinn yrði þeim viðhaldið. Ný tækni sem hafði sannað ágæti sitt í brunanum var farin að ryðja sér til rúms og var það nýja bifdælan. Engum datt í hug eftir brunann að segja bifdæluna vera munaðarvöru.

Knud Zimsen þáverandi borgarstjóri segist hafa farið sjálfur og náð í bifdæluna og lét án leyfis flytja hana á pallana fyrir ofan Steinbryggjuna.⁶⁵ Þremur árum áður hafði Ágúst Flygenring kaupmaður í bænum boðið starfandi borgarstjóra dæluna til kaups, en hafði ekki árangur sem erfiði. Eftir brunann bauð hann dæluna aftur til sölu og sendi bréf til Slökkviliðsins í Reykjavík þar sem segir að reynsla sé komin á mikilvægi þess konar dælu og að skaðinn í brunanum hefði kannski ekki verið jafn mikill ef þessi dæla hafði verið notuð strax, í staðinn fyrir þær dælur sem til voru fyrir. Hann býður Slökkviliðinu að kaupa dæluna á kostnaðarverði 3954.30 kr og tekur þar inn hálf umboðslaun fyrir sig vegna kostnaðar við viðhald dælnnar síðustu ár.⁶⁶ Hann sendir þetta bréf 15.maí, 1915, þremur dögum síðar fundar brunamálanefnd Reykjavíkur og er þá tekin ákvörðun um að kaupa dæluna á uppsettu verði og var það greitt úr brunasjóði Reykjavíkur. Er þetta í annað sinn í sögu kaupstaðarins sem brunadæla er keypt eftir að

⁶³ Guðmundur Karlsson. *Í björtu báli*. bls 84-85

⁶⁴ „Um slökkviliðið“. bls. 1

⁶⁵ Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 347

⁶⁶ BsR. Slökkvitæki 1915-1958

hafa verið tekin föstum höndum í eldsvoða, því það sama gerðist þegar Glasgow- húsið brann árið 1903, þá var hlaupið til og náð í brunadælu sem til var í bænum og hún keypt eftir að hafa sannað notagildi sitt í þeim björgunaraðgerðum.⁶⁷ Aðhald þurfti að sýna í fjármálum bæjarins og fátt keypt inn nema það væri búið að sanna notagildi sitt. Engin umræða fór nú fram um hvort kaupa ætti bifdæluna, enda þótti sannað að mikilla endurbóta væri þörf á tækjabúnaði slökkviliðsins. Á næsta fundi brunamálanefndar þann 26.júní voru brunamál í Reykjavík tekin til endurskoðunar og var ákveðið að kaupa 500 metra brunaslöngur á slönguvagnana?? og einnig 200 metra slöngu, festir á slöngurnar og slöngur fyrir mótordæluna. Nefndin lagði einnig tillögur fyrir bæjarstjórnina um að kaupa öfluga mótordælu sem gæti dælt 600 lítrum á mínútu og sjálfheldisstiga. Einnig að keyptir yrðu hjálmur, belti með öxum og 6 reykgrímur handa fasta slökkviliðinu. Þarna var enn og aftur endunýjaður tækjakostur slökkviliðsins, en brunamálanefnd ætlaði sér ekki að flaska aftur á viðhaldinu á tækjunum og um haustið var síðan samþykkt að láta Helga Magnússon, járnsmið, hafa umsjón með því að allir slökkvihanar væru í notfæru ástandi og láta mann alltaf gera strax við bilanir á þeim.⁶⁸

Þarna var lagður grunnur að vélvæðingu slökkviliðsins. Þegar Ágúst Flygenring sýndi borgarstjóranum bifdæluna þremur árum áður, sagði þáverandi borgarstjóri, Páll Einarsson, dæluna vera óþarflega stóra fyrir lítinn bæ á borð við Reykjavík. Ágúst segir í viðtali við Morgunblaðið „Það er eins og menn hafi haldið að Reykjavík gæti ekki brunnið. [...] En skyldu þeir vera þeirrar skoðunar ennþá?“⁶⁹ Þarna kemur í ljós það hugarfar sem var við lýði nokkuð lengi í Reykjavík, að væri ekki það stór bær að gera þyrfti mikið veður út af brunavörnum. Nokkrir frumkvöðlar sem reyndu að láta til sín taka í brunamálum í bænum til dæmis Valgarð Ó. Breiðfjörð, en hann birti grein í *Reykvíkingi* 1. júlí, 1892 um slökkviáhöld sem hann hafði kynnt sér erlendis. Þar má sjá stóra teikningu af sjálfheldisstiga og segir Valgarð að „reynslan hefði sýnt að fásinna væri að ætla sjer að gjöra nokkurt gagn með því, að reisa upp trjestiga við brennandi hús.“⁷⁰ Hann talar einnig um öll hin dásamlegu slökkvitól sem slökkviliðið í Kaupmannahöfn átti, einnig um þá reglu sem var á slökkviliðinu þar. Það má jafnvel segja að íbúar Kaupmannahafnar hafi lært af biturri reynslu um eyðileggingarmátt

⁶⁷ Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 340

⁶⁸ BsR Brunamálanefnd 1875-1945. 18.maí, 26.júní og 27.ágúst 1915.

⁶⁹ „Enn um bifdælurnar“. bls. 2

⁷⁰ Valgarð Ó. Breiðfjörð. *Reykvíkingur*. 1.júlí 1892. bls. 1

eldsins, t.d. í brunanum 1728. Það virðist sem flestar tillögur til endurbóta fyrir brunann í Hótel Reykjavík, hafi dottið upp fyrir vegna kostnaðar, miðað við hversu lítill bær Reykjavík var. Viðhorfið var að óþarfi væri fyrir lítinn kaupstað eins og Reykjavík að eyða stórum fjármunum í öflugar brunavarnir. Knud Zimsen, fyrrverandi borgarstjóri, staðhæfði í endurminningum sínum að Valgarð Breiðfjörð hafi verið með fremstu framfaramönnum Reykjavíkur um aldmótin 1900.⁷¹ Mætti segja að Valgarð hafi verið nokkuð á undan sinni samtíð í hugmyndum sínum um eldvarnir.

Það er frekar hæpið að bera saman aðstæður árið 1892 og 1915, vegna þess hve mikið bærinn breyttist á þeim árum. Það hefur verið erfitt fyrir íbúa Reykjavíkur að átta sig almennilega á nauðsyn brunavarna í bænum. Íbúafjöldi Reykjavíkur hafði farið ört vaxandi og bjuggu 14160 manns í bænum árið 1915⁷². Með hverju húsi sem byggðist jókst brunahættan, þá sérstaklega ef flest -öll húsin voru byggð úr timbri. Árið 1875 voru tryggð húsi í Reykjavík 135 en árið 1915 voru þau orðin 1266⁷³. Er þetta nokkuð mikil fjölgun og ásýnd bæjarins breyttist mikið á mjög skömmum tíma. Brunavarnir efldust á þessum tíma, t.d. með lagningu brunasíma og ný slökkvistöð tekin í notkun eins og áður hefur verið minnst á. En það hafa greinilega ekki verið nógu róttækar breytingar og ekki í takti við þróun bæjarins, því að með auknu þéttbýli varð meiri eldhætta.

Aðbúnaður slökkviliðsins var harðlega gagnrýndur á síðum dagblaðanna eftir brunann og tónglast var á því hvernig hefði mátt koma í veg fyrir að bruninn hefði orðið jafn stór og raun bar vitni. En það er alltaf auðvelt að vitur eftir á og erfitt er að segja til um hvað hvað blöðin hefðu skrifað um ef Páll Einarsson hefði eytt 4225⁷⁴ kr í stórvirka slökkvidælu á sínum tíma, spurning hvort bifdæla hefði ekki þótt vera óþarfa munaður.

Eftir brunann má sjá kipp í fjárveitingum til slökkviliðsins. Fyrir árið 1915 námu fjárveitingar til slökkviliðsins 4900 kr á meðan að fyrir árið 1916 námu fjárveitingarnar 14900 kr og er stærsti hlutinn af því til aukningar á slökkvitólum og húsum sem námu 9000 kr. Árin eftir jukust laun til slökkviliðsmanna og einnig kom kostnaður við hesta sem var á milli 2-3000 kr. á ári.⁷⁵ Þá hafði verið tekin ákvörðun um að nota hesta til að

⁷¹ Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 330

⁷² „Töflur“. *Mannfjöldaskýrslur árin 1911-1915*. bls. 1

⁷³ Björn Björns. *Fire insurance...* bls. 32, tafla 1

⁷⁴ BsR. Slökkvitæki 1915-1958

⁷⁵ BsR. Gjörðabók Brunamálanefndar. 26.október 1914, 27.október 1915, 27.október 1916 og 31.október 1917.

draga slönguvagnana. Það leið samt ekki á löngu þangað til hugmyndin um að nota bíla leit dagsins ljós. Árið 1919 var stærri dælunni komið fyrir á gömlum mjólkurbíl og ári síðar var slöngurúlla sett á annan gamlan bíl, sem leysti þá hestana af hólmi.⁷⁶ Má þar segja að vélvæðingu slökkviliðsins hafi verið að nokkru leyti til lokið, aðeins fimm árum eftir brunann mikla.

Bæjarbúar voru dauðhræddir við að annar eins eldsvoði myndi endurtaka sig þegar kom upp eldur í húsinu á Lækjargötu 10 aðfaranótt 27. mars 1916. Nokkur ótti greip um sig hjá bæjarbúum þegar þeir vöknudu við brunalúðurinn. Þeir hafa eflaust talið að bærinn myndi nú allur brenna til ösku. En það varð þó ekki raunin, heldur brann þar aðeins eitt hús og mátti þar þakka aðförum slökkviliðsins og mótordælunni.⁷⁷ Þarna varð strax augljóst að það hafi verið góð fjárfesting að efla slökkviliðið. Svo virðist sem bæjarbúar hafi vaknað til meðvitundar um slysaþættuna, því að það er nefnt að þeir hafi vaknað við brunalúðurinn, sem hafði ekki allstaðar verið raunin í fyrri brunanum.

Augljóst er að bruninn þann 25. apríl 1915 hafi verið helsti hvatinn að bættu slökkviliði, en það var ekki aðeins vankunnáttu og aðbúnaði slökkviliðsins að kenna hversu mikinn skaða eldurinn náði að gera. Hér má einnig benda á skipulag Reykjavíkur, sem var að miklum leyti þyrping timburhúsa, einnig bentu þó nokkrir á gasið sem sökudólg. En skipulag í Reykjavík hafði ekki verið tekið föstum tókum áður. Þarna varð augljóst að eitthvað þyrfti að gera í skipulagsmálunum, því enginn vildi sjá svona eldsvoða endurtaka sig aftur.

Augljós hugarfarsbreyting varð til slökkviliðsins og mikilvægi þess að hafa það í góðu standi og tækjabúnaðinn einnig. Hugmyndir um eldhættu virtist líka breytast mjög mikið. Ljóst var að eldsvoðar voru ekki lengur óumflýjanlegir og bæjarbúar þyrftu ekki lengur að vera máttlausir gagnvart slíkum hörmungum. Einnig var orðið ljóst að auðveldlega væri hægt að koma í veg fyrir annan eins stórbruna og að slökkviliðið væri einn mikilvægasti liðurinn í því. Brunarvarnir töldust ekki lengur óþarfa munaður, heldur voru þær spurning um öryggi bæjarbúa og leið til að vernda það sem ekki yrði metið til fjár þ.e. mannlíf. Orðræðan um að Reykjavík væri svo lítill bær að óþarfi væri að eiga svona öflugar brunavarnir dó strax út eftir brunann mikla. Svo virðist sem að eldurinn hafi opnað augu bæjarbúa fyrir því að Reykjavík væri ekki lengur smábær, heldur borg. Bruninn setti líka Reykjavík í flokk með öðrum borgum sem höfðu brunnið

⁷⁶ Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 349

⁷⁷ „Eldsvoðinn í nótt“. bls. 1 og 4

t.d. Kaupmannahöfn. Ekki dugði að fara aðeins í endurbætur á slökkviliðinu, því allt skipulag bæjarins yrði núna tekið fastari tökum. Ný hús þyrftu að rísa upp úr ösku þeirra gömlu og varð það strax ljóst að ekki yrðu þau byggð úr timbri heldur var tími steinsteypunnar að ganga í garð. Strax eftir brunann var byrjað að fara ofan í kjölinn á skipulagi og byggingarreglugerðum bæjarins og sjá hvað hafi brugðist.

Timburhús bönnuð í Reykjavík

Reykjavík var lengi vel ekki svo þéttbýll bær og bannað var framan af að byggja samliggjandi hús vegna brunahættunnar sem af því stafaði. En vegna aukins þéttbýlis var leyft árið 1894 að byggja samliggjandi hús, með því skilyrði að eldvarnarveggur væri settur á milli þeirra. Þetta var gert til að takast á við aukið þéttbýli í höfuðstaðnum.⁷⁸

Á árunum 1901 til 1920 þrefaldaðist íbúafjöldi Reykjavíkur. Íbúafjölgunin var svo ör að mikill skortur varð á íbúðarhúsnæði í bænum, bæjarbúar höfðu ekki undan að byggja ný hús. Þetta leiddi til aukins þéttbýlis, bæjarbúar þurftu að þjappa sér saman, búa þrengra og margir í lélegra húsnæði en áður.⁷⁹ Árið 1910 var svo komið að nánast þriðjungur þjóðarinnar bjó í bæjum og segir Guðmundur Hannesson prófessor um skipulag bæja: „Síðan hafa bæjirnir vaxið drjúgum. Hjer er bersýnilega um að ræða stórfelda byltingu í landinu, sem hlýtur að hafa mikil áhrif, og sjálfsagt er að veita fulla athygli.“⁸⁰ Flest hús sem byggð voru í Reykjavík á árunum 1901-15 voru timburhús, en eftir 1915 fór steinsteypan að taka við.⁸¹ Trausti Valsson talar svo um þetta í bókinni *Skipulag byggðar á Íslandi* að árið 1915 megi telja upphafsár í markvissri skipulagsumræðu í Reykjavík og rekur hann það beint til brunans þann 25. apríl, 1915.⁸²

Morgunblaðið byrjaði strax daginn eftir brunann að tala um eldhættuna sem væri af stórum timburhúsum, að bruninn hefði aldrei orðið jafn magnaður ef húsin hefðu verið byggð úr steini.⁸³ Í *Lögréttu* er einnig greint frá hversu fljótt eldurinn náði tökum á Hótel Reykjavík og er því kennt um að húsið hafi allt verið byggt úr timbri. Einnig er ýjað að því að þótt það hafi verið steinsteypdir eldvarnarveggir báðum megin við húsið

⁷⁸ Guðjón Friðriksson. „Guðmundur Hannesson ...“ bls. 46

⁷⁹ Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur, bærinn vaknar*. bls. 271

⁸⁰ Guðmundur Hannesson. „Bæjir vorir og sjávarþorp“. bls. 1

⁸¹ Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur, bærinn vaknar*. bls. 279

⁸² Trausti Valsson. *Skipulag byggðar á Íslandi*. Bls. 120

⁸³ „Mesti eldsvoði á Íslandi“. bls. 2

hafi þeir dugað lítið til að verja nærliggjandi hús fyrir eldi. Þar er fjallað nokkuð ítarlega um öll húsin sem brunnu og ávallt sérstaklega tekið fram hvort húsin voru byggð úr timbri eða að ekki hafi skort eldsneyti t.d. timburgólfín í Landsbankahúsinu.⁸⁴ Það má greina mikla gagnrýni á timburhúsin sem brunnu. Það eru nefnd all nokkur hús sem brunnu þessa örlagaríku nótt og tónninn í greininni er á þann veg að auðvitað brunnu þessi timburhús til grunna, enda byggð úr mjög eldfimu efni. Greinin endar svo á: „En væntanlega rísa upp frá þeim öllum [brunarústunum] áður en langt um líður ný og falleg steinhús sem ekki verður eins hætt við eldsvoða og hinum sem fyrir voru.“⁸⁵ Þarna má greina áhuga á endurbótum í Reykjavík, að ný hús yrðu byggð úr steini.

Umræðan um steinhús var ekki ný af nálinni, heldur höfðu steinhús verið í dágóðan tíma í umræðunni og þegar voru nokkur steinhús í bænum, má þar nefna Alþingishúsið, sem var hlaðið árið 1881, Landsbankahúsið frá um 1899, og síðan Safnahúsið frá um 1908. Í umræðunni um gott hús fyrir þjóðargersemar kom steinhús oftast upp. Benedikt Sveinssyni var mikið í mun „að reist yrði veglegt steinhús í Reykjavík fyrir söfn landsins og hinar æðri menntastofnanir“⁸⁶ Það að söfnin fengju sitt eigið hús var aðalatriðið, en áhugavert er að lagt hafi verið upp úr því að það yrði steinhús.

Lítill reynsla var komin á byggingu steinhúsa í Reykjavík. Gömlu steinhúsin í bænum voru öll hlaðin með þykku grjóti og tvöföldum útveggjum því ekki var kunnáttan til að höggva og sprengja grjót nógu góð og mikið umstang var að byggja svoleiðis hús. Bygging Alþingishússins við Austurvöll markaði þó tímamót í sögu steinhúsa á Íslandi og þau fóru að verða algengari eftir byggingu þá. Þykkir útveggir hlöðnu steinhúsanna hentuðu alþýðunni illa vegna þess hversu dýrir þeir voru og aðeins tvö önnur hús risu í Reykjavík af sömu gerð og Alþingishúsið, barnaskólinn í Pósthússtræti og prentsmiðja Sigmundar Guðmundssonar í Bankastræti.⁸⁷ Í kringum aldamótin kom fram nýr keppinautur við steinhúsin og var það steinsteypan. Guðmundur Finnbogason segir í bók sinni *Iðnsaga Íslands*: „Sagan um steinsteypana er ævintýri líkust. Menn höfðu frá alda öðli byggt hús sín úr örfáum byggingarefnum : jarðvegi (mold, torfi, brenndum og óbrenndum leir), timbri og grjóti og engum kom til

⁸⁴ „Stórbruni í Reykjavík“. *Lögrétta* . bls. 69

⁸⁵ „Stórbruni í Reykjavík“. *Lögrétta* . bls. 70

⁸⁶ „Æviágrip Benedikts sýslumanns Sveinssonar.“ bls. 29

⁸⁷ Guðmundur Finnbogason. *Iðnsaga Íslands*. Bls. 231-237

hugar, að þetta myndi breytast⁸⁸. Greinilegt er að steinsteypa þótti ennþá mikil tæknibylting þegar Guðmundur skrifar þetta árið 1942. Efni líkt og hún hafði aldrei sést áður og hefur þótt nokkuð framandi þegar að hún byrjaði fyrst að koma til landsins árið 1864. En það var ekki fyrr en árið 1896 sem innflutningur á sementi til landsins hófst og voru það ár fluttar inn 1000 tonn og fór vaxandi eftir það.⁸⁹

Fyrsta steinsteypuhúsið sem reis í Reykjavík var verslunar- og íbúðarhús Helga Magnússonar við Bankastræti árið 1903. Sama ár reisti Guðjón Sigurðsson þriggja hæða steinsteypuhús við Hafnarstræti kallað Ingólfshvoll, hann varð síðan annar tveggja manna sem létust í brunanum mikla.⁹⁰ Árið 1903 kom einnig út byggingareglugerð fyrir Reykjavík þar sem steinsteypuhúsum er gert jafn hátt undir höfði og steinhúsum og má kalla það ákveðna viðurkenningu á steinsteypu sem byggingarefni.⁹¹ Fyrsta stórhúsið á Íslandi úr steinsteypu varr heilsuhælið á Vífilstöðum, hannað af Rögnvaldi Ólafssyni, húsameistara, árið 1910.⁹² Á þessum tíma var nokkur umræða byrjuð í Þjóðfélaginu gegn timburhúsum og þráðu margir fleiri steinsteypuhús. Timburhúsin þóttu ekki góður arfur fyrir komandi kynslóðir, ólíklegt að þau gætu staðið í margar aldir t.d. vegna eldhættu.

Dr. Jón Þorkelsson, skjalavörður, gagnrýndi mjög harkalega í ræðu sinni á Þjóðhátíð Reykvíkinga 2.ágúst 1909 timburhús í bænum og leggur til lögbannt við byggingu timburhúsa í Reykjavík. Timburhús væru því valdandi að vátryggingargjöld í bænum væru svimandi há og bæjarbúar ættu að fara einsetja sér að byggja allar nýbyggingar úr steini.⁹³ Þjóðviljinn birtir sama ár ræðu Guðmundar Björnsson, landlæknis, við opnun heilsuhælisins á Vífilstöðum. Þar setur hann fram hugvekjju um endingu húsakostar í landinu „áður en þessi nýrunna öld er liðin [svo] á enda, verða öll torfhúsin okkar fallin og ekkert eftir af timburhúsunum nema þá fáeinir kumbaldar, grautfúnir, skakkir og skældir okkur til skammar. Og þessi fáu steinhús sem til eru - þau kunnu að geta staðið af sér eina eða tvær aldir ef vel lætur“⁹⁴ Hann talar um í ræðunni að húsið á Vífilstöðum væri það eina sem honum dytti í hug að gæti staðið eftir þúsund ár, enda rammgert steinhús. Greinilegt er að mjög hávær umræða var gegn timburhúsum

⁸⁸ Guðmundur Finnbogason. *Iðnsaga Íslands*. Bls. 240-241

⁸⁹ Guðmundur Finnbogason. *Iðnsaga Íslands*. Bls. 242

⁹⁰ Guðmundur Finnbogason. *Iðnsaga Íslands*. Bls. 250

⁹¹ Guðmundur Finnbogason. *Iðnsaga Íslands*. Bls. 252

⁹² Guðmundur Finnbogason. *Iðnsaga Íslands*. Bls. 253

⁹³ „Ræða dr. Jóns Þorkelssonar...“ bls. 128-129

⁹⁴ „Ræða G.Björnssonar...“ bls. 206

í bænum sem byrjaði nokkrum árum fyrir brunann árið 1915. Timburhúsin virtust ekki þykja þjóðinni til sóma, mörg orðin fúin og ljót, ekki tákni um nýja tíma. Umræðan um þá miklu eldhættu sem stafaði af þéttri timburhúsabyggð í bænum var ekki mjög almenn þó nokkrir hefðu haft sig mikið í frammi gegn því. Ekkert nógu afdrifaríkt hafði gerst til að gefa bæjarstjórninni góða ástæðu til að ganga alla leið og banna timburhúsin, ekki fyrr en 13 hús, flest úr timbri brunnu til grunna aðfaranótt 25.apríl 1915.

Ekki var komin nógu mikil reynsla á steinsteypuna þegar þetta var og var hún nokkuð til vandræða fyrst um sinn. Ásgeir Torfason skrifar árið 1912 grein í *Búnaðarritið* um vatnshelda steinsteypu, Guðmundur Hannesson prófessor var hvatamaður að því að Búnaðarfélagið veitti honum styrki til að finna aðferð sem hentaði best til að gera þannig steypu vatnshelda. Steinsteypuhúsum hafði fjölgað ört í bænum en svo virðist sem fáir vissu hvernig ætti að bera sig að við notkun hennar og engar leiðbeiningar voru til.⁹⁵ Íslendingar voru ennþá að feta sín fyrstu skref í notkun steinsteypunnar og ennþá var nokkuð ódýrara að byggja úr timbri en steinsteypu. Sennilega hefur kostnaðurinn staðið í mörgum. En steinsteypan átti allnokkra stuðningsmenn sem bentu ötulir á háan viðhaldskostnað timburhúsa. Árið 1911 ritar „gamall sveitabóndi“ grein í *Þjóðólf* þar sem hann mælir með steinsteypunni og segir frá tveimur óvinum hennar: „Annar óvinurinn er hleypidómur um ókleyfan kostnað. Hinn óvinurinn er ímyndun um að verkið sje svo vandasamt.“⁹⁶ Þessi gamli sveitabóndi rekur í bréfi sínu hversu illa torf- og timbur-húsu í sveitum entust og kennir aðallega vanþekkingu um að ekki sé meira byggt úr steinsteypu í landinu. Margir sáu að kostir hennar voru ótvíræðir og umræðan gekk út á að steinsteypan væri byggingarefni framtíðarinnar. En sá tími var ekki ennþá genginn í garð, fyrst þurfti meira fjármagn, betri þekkingu á efninu og einhverja góða hvatningu til að örva framdrátt steinsteypunnar. Bruninn í Hótel Reykjavík virðist hafa verið það sem stuðningsmenn steinsteypunnar höfðu verið að bíða eftir. Þarna var komin góð ástæða til að banna loksins timburhús í höfuðstaðnum og greiða þannig veg steinsteypunnar.

Eftir brunann mikla loguðu dagblöðin í umræðum um ágæti steinhúsa fram yfir timburhús. Bruninn var víti til varnaðar fyrir bæjarbúa, sem virtust tilbúnir til að skilja við timburhúsin. Í dagblaðinu *Vísir* sagði „Enginn vafi er á því, að hér er að hefjast

⁹⁵ „Búnaðarritið“. Bls. 262

⁹⁶ „Brjefkaflar“. Bls. 174

steinöld, hvað byggingar snertir.⁹⁷ Umræðan um steinsteypu, , byggingarefni framtíðarinnar, hafði verið nokkuð áberandi árin á undan, en greinilegt er að bruninn var kornið sem fyllti mælinn. Þétt timburhúsbýrping í bænum hafði verið viðvarandi vandamál og olli háum váttryggingargjöldum. Nú var skorin upp herör gegn frekari byggingu timburhúsa í Reykjavík.

Morgunblaðið greindi frá því að á fundi bæjarstjórnar 3. júní 1915, aðeins einum og hálfum mánuði eftir brunann mikla, hafi verið samþykkt að framvegis mætti ekki byggja nein hús „úr öðru efni en steini, steinsteypu eða öðru efni, ekki ótraustara eða óeldtryggara“⁹⁸. Byggingarnefnd setti með þessari bráðabirgðatillögu timburhúsum mjög þröngar skorður. Upphaflega hugmyndin var að banna timburhús fyrir neðan Lækjargötu, eða þar sem nauðsyn væri vegna þéttrar byggðar⁹⁹. Að lokum var samþykkt að það væri bannað að byggja úr timbri, nema ef húsið lægi ekki að öðrum húsum og væri ekki stærra en 75 fermetrar að flatarmáli. Timburhús máttu ekki vera meira en tvílyft og ekki nær en 3.15 m frá lóðarmörkum og minnst tveimur metrum frá götjuaðri. Íbúð mátti heldur ekki vera meira en tveimur gólfum fyrir ofan kjallara.¹⁰⁰ Þetta var bráðabirgðatillaga því nú var ljóst að byggingarsamþykkt Reykjavíkur var orðin úrelt og allt landið þyrfti að huga að skipulagsmálum í þéttbýli.

Guðmundur Hannesson, prófessor í læknisfræði við Háskólann, hafði lengi verið mikill áhugamaður um skipulag bæja. Í bók sinni „Um skipulag bæja“, fer hann í saumana á flest öllu sem tengist skipulagi bæja. Hann segir þar: „Þó fræðin um skipulag bæja sem fjallar um flest er að því lýtur að gera bæi og borgir sem hentugastar, heilnæmastar og fegurstar, sje æfagömul fræðigrein, þá hefur hún lítt komið oss Íslendingum að notum. Þegar bæir tóku að byggjast, höfðum vjer enga reynslu í þessum efnum og öll þekking á borgargerð var af skornum skanti, [...] Víða [var] jafnvel bygt af handahófi einu.“¹⁰¹ Hann fer vel ofan í saumana á mismunandi reglugerðum sem höfðu verið í gildi í gegnum tíðina um skipulag bæja, og birtir nokkra upprætti af bæjum til að styðja þá ályktun að mest allt skipulag í bæjum á Íslandi hafi verið handahófskennt. Í Reykjavík hafi í upphafi verið hugað að skipulagi og vildi hann meina að allt sem gott væri við skipulag Reykjavíkur sé gamalt, má þar nefna

⁹⁷ „Húsabyggingar“. bls. 1

⁹⁸ „Steinbær.“ bls 1.

⁹⁹ BsR. Gjörðabók Byggingarnefndar. fundargerð 1.maí 1915.

¹⁰⁰ BsR. Gjörðabók Byggingarnefndar. fundargerð 29.maí 1915.

¹⁰¹ Guðmundur Hannesson. „Um skipulag bæja“. bls. 16

Austursvöll og Skólalabru. En frá því laust fyrir aldamótin 1900 hafði allt skipulag hrapalega mistekist, er því að kenna að skipulagið var ekki teiknað upp fyrirfram.¹⁰² Skipulag bæja var mikið áhugumál fyrir Guðmund og hjálpaði hann til við að semja frumvarp að lögum um skipulag kaupúna og sjávarþorpa árið 1917. Magnús Pétursson sem var flutningsmaður frumvarpsins sagði að þetta væri mjög brýnt mál þrátt fyrir að flest kaupún væru strjálbýl væri það óðum að breytast. Einnig sagði hann: „Nauðsyn þessa máls er nú því meiri en nokkurn tíma áður, að nú má vænta þess, að farið verði alment að byggja úr steini í næstu framtíð, og verður því fyrirhafnarminna að koma þessu skipulagi á nú en það mundi verða síðar.“¹⁰³ Málinu var vísið til landsstjórnarinnar og var það síðan samþykkt árið 1921 eftir þó nokkrar umræður. Var með þessu lagður grunnur að skipulagsmálum framtíðarinnar og var þetta í fyrsta sinn sem sett höfðu verið lög um að öll kaupún og sjávarþorp létu mæla upp bæina og gerðu skipulag fram í tímann.

Taka þurfti á þessum málum áður en það yrði of seint. Íbúafjöldi Reykjavíkur hafði margfaldast og þéttbýli hafði aukist mjög hratt. Svo virðist sem vitundarvakning hafi orðið í skipulagsmálum á landsvísu eftir brunann mikla í Reykjavík. Lélegt skipulag mátti rekja sem einn helsta áhrifavald fyrir því hversu hratt eldurinn breiddist út og nú átti að fara byggja úr steini. Steinhús gátu orðið stærri en timburhús og einnig var steininn endingarbetra byggingarefni en timbrið. Viðhorfið til húsa var að breytast. Núna átti að byggja fyrir framtíðina, stór hús sem myndu standa á sínum stað um ókomna tíð. Þó Guðmundur Hannesson minntist lítið á brunamál í grein sinni um skipulag bæja er nokkuð áhugavert að hún er birt árið 1916, árið eftir brunann mikla og þegar að timburhús voru nánast bönnuð í Reykjavík. Bruninn virðist hafa verið sparkið í rassinn á stjórnvöldum til að banna ný timburhús í bænum eins og Guðmundur hafði hvatt til í nokkur ár. Þegar öld steinsteypunnar rann upp er það í fyrsta sinn í sögu Reykjavíkur sem almenningur og stjórnvöld sýndu skipulagi bæja áhuga en ekki aðeins nokkrir frumkvöðlar sem boðuðu komu steinsteypunnar. Bókin var gefin út árið 1916, frumvarpið var lagt til árið 1917 og boltinn byrjaði að rúlla fyrir alvöru árið 1921 þegar frumvarpið var loks samþykkt. Svo virðist sem skipulagsmál hafi átt lítið upp á pallborðið fyrir brunann en hann virðist hafa verið hvati fyrir því að gott skrið komst á þau mál í bæjum í landinu.

¹⁰² Guðmundur Hannesson. „Um skipulag bæja“. bls. 17-23

¹⁰³ Alþingistíðindi C 1917. bls. 883

Brunabótatryggingar í bænum

Hrafn Ingvar Tryggvason segir í inngangi að grein sinni um „Reykjavík og brunamálin 1752-1895“ sem birtist í Ingólfi að „Sá vísir þéttbýlis sem myndaðist í Reykjavík um miðja 18. öld, kallaði óhjákvæmilega á annan hugsunarhátt en tíðkast hafði í nánast kyrrstæðu bændasamfélagi aldanna og færði mönnum ný viðfangsefni“¹⁰⁴. Með auknu þéttbýli varð meiri eldhætta, vandamál sem hafði verið Íslendingum óþekkt áður og strax eftir að Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi komu fram hugmyndir um að stofna slökkvilið í bænum.¹⁰⁵ Brunamál voru í umræðunni alla 19.öldina og loks náðist sá árangur að Reykjavík var tekin inn í brunabótafélag dönsku kaupstaðanna árið 1874.¹⁰⁶ Helsti hvatinn fyrir inngöngu í brunabótafélagið var ekki endilega að fá bætt gegn eldsvoða, heldur frekar að við það opnaðist möguleiki á að fá lán gegn veði í húsunum, enda var langt síðan að hús hafði brunnið í bænum.

Hið almenna brunabótafélag kaupstaðanna var stofnað 13. janúar árið 1761¹⁰⁷ og urðu þá allir kaupstaðir í Danmörku brunatryggðir. Þar gildi sú almenna regla „einn fyrir alla og allir fyrir einn“, þ.e. kaupstaðirnir tryggðu hvern annan, félagið byggðist á samvinnu allra kaupstaða í Danmörku. Fyrst þegar Reykjavík gekk inn í brunabótafélagið samþykkti það aðeins að taka við tveimur þriðju hlutum af ábyrgðinni, bærinn þyrfti að ábyrgjast einn þriðja. Þetta fór fyrir brjóstið á bæjarbúum, þá sérstaklega að bærinn væri að hluta til að ábyrgjast gagnvart dönskum kaupstöðum vegna samvinnureglunnar. En bæjarstjórnin mótmælti ekki því hún vildi ekki styggja brunabótafélagið þannig það hætti við að taka Reykjavík inní félagið. Þetta ástand varði ekki lengi, því félagið tók á sig alla ábyrgðina árið 1896. Reykjavík var eini kaupstaðurinn utan Danmerkur sem var aðili að brunabótafélaginu. Félagið skipaði brunamálastjóra í hvern kaupstað. Hlutverk brunamálastjóra var að sjá um allt bókhald fyrir félagið, taka á móti öllum virðingarbeiðnum, flokka húsin eftir verðskrá félagsins og fleira. Brunamálastjóri átti að senda yfirstjórninni reikningsskil og yfirlit yfir öll brunamál þrisvar sinnum á ári, þar sem allt var endurmetið.¹⁰⁸

¹⁰⁴ Hrafn Ingvar Gunnarsson. „Reykjavík og brunamálin 1752-1895“. bls. 35

¹⁰⁵ Hrafn Ingvar Gunnarsson. „Reykjavík og brunamálin 1752-1895“. bls. 40

¹⁰⁶ Hrafn Ingvar Gunnarsson. „Reykjavík og brunamálin 1752-1895“. bls. 40-65

¹⁰⁷ rétt rúmlega 30 árum eftir brunann mikla í Kaupmannahöfn árið 1728.

¹⁰⁸ „Vátrygging vor“. bls 2

Í fyrstu voru tryggingarnar brunabótafélaginu í hag. Á árunum 1875-1902 fékk félagið 73 þúsund krónur í iðgjöld og tjón námu aðeins hámark 9.9 þúsund krónum. Á árunum 1902-1915 var félagið rekið með miklum halla, iðgjöldin námu 226 þúsund en tjónið nam 525,7 þúsund kr. Á fyrstu áratugum 20 .aldarinnar var tjón af eldsvoðum það mikið að það náði ekki að jafna út hallann þrátt fyrir nokkur ár kæmu í gróða.. Frá 1875 til 1924 nam tjón vegna eldsvoða 948 þúsund krónum en iðgjöld voru aðeins 914 þúsund.¹⁰⁹ Þetta sýnir að viðskipti Købstæðernes alm. Branforskring hérna á landinu voru félaginu ekki í hag.

Árið 1914 var gerð ný samþykkt um hinar almennu brunatryggingar kaupstaðanna og var það aðeins endurnýjun eldri samninga. Þar stendur að allar brunatryggðar byggingar¹¹⁰ væru tryggðar fyrir tjóni sem varð við eldsvoða, við að slökkva eld, niðurrif eða ráðstafanir til að stöðva eldsvoða, einnig eldingar, ljósgas-sprengingar, sprengingar í gufukötlum og tjóni af völdum rafmagns. Einnig mátti tryggja innanstokksmuni og listaverk, sem tengdust húsunum að hámarki tuttugu og fimm þúsund króna.¹¹¹ Voru þá í bænum 1228 vátryggð hús og nam brunabótaverð þeirra tólf milljónum króna, segir Knud Zimsen. Þarna greinir heimildir á og segir í töflu Björns Björnssonar að árið 1915 hafi bærinn verið metinn á 3.5 milljónir króna, það líklega nákvæmari tala.¹¹²

Morgunblaðið greinir frá fyrstu tölum um tjónið daginn eftir brunann mikla og segir : „Húsin, sem brunnu algerlega, voru vátryggð fyrir rúmum 265 þúsundum. Landsbankinn var virtur á 88 þús. krónur og Ingólfshvoll á 78 þús, krónur. Er það því til samans rúmlega 431 þús. krónur. En þá er eftir að meta hitt, sem brunnið hefir og er það ekkert smáræði.“¹¹³ Tjónið er talið hafa verið í kringum 750 þúsund til milljón íslenskra króna og taldi félagið sig þurfa að greiða meira vegna þessa atviks en það hafði fengið greitt fyrir tryggingarnar síðan árið 1874.¹¹⁴ Brunabótafélagið þurfti að lokum að greiða út 309 þúsund í bætur fyrir brunann mikla en iðgjöldin sem félagið fékk það árið var

¹⁰⁹ Björn Björnson. *Fire insurance...* bls. 34

¹¹⁰ Allir húseigendur í Reykjavík voru skyldugir til að tryggja húseign sína, A. Þetta gildi ekki fyrir torfbæi.

¹¹¹ BsR. Samþykkt um almennu brunatryggingar kaupstaðanna.

¹¹² Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 346 og Björn Björnsson. *Fire insurance...* bls. 34. Upphæðin sem Knud Zimsen nefnir er tekin uppúr endurminningum hans og ekki kemur fram hvaða heimildir hann hefur athugað til að staðfesta hana. Björn Björnsson vann sína rannsókn upp úr skjölum brunabótafélagsins.

¹¹³ „Stærsti bruni á Íslandi. Þrettán hús brenna á svipstundu.“ bls. 2

¹¹⁴ Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg*. bls. 348

aðeins 24.7 þúsund krónur. Iðgjöld sem það hafði fengið frá upphafi námu aðeins 299 þúsund krónum.¹¹⁵

Danska brunabótafélagið fór þá fram á umtalsverða hækkun á iðgjöldum til að sporna við öðru eins tapi og kom fram með umbótatillögur. Fyrir brunann höfðu eigendur húsa með viðarþak eða úr álíka eldfimu efni þurft að borga sextán aura á hverjar hundrað krónur af verðmæti hússins í auka- iðgjald og húseigendur annarra húsa þurftu að borga átta aura fyrir hverjar hundrað krónur. Þetta auka-iðgjald var aðeins í Reykjavík en ekki í öðrum kaupstöðum í Danmörku, vegna mikillar brunahættu í bænum. Eftir 1915 hækkaði þetta gjald umtalsvert og breyttist þannig að eigendur steinhúsa með eldvörðum þökum borguðu 8 aura fyrir hverjar hundrað krónur, eigendur járnklæddra timburhúsa með eldvörðum þökum borguðu 16 aura fyrir hverjar hundrað krónur og eigendur annarra timburhúsa borguðu 24 aura fyrir hverjar hundrað krónur.¹¹⁶ Var þetta í fyrsta sinn sem flokkunin á húsunum var endurskoðuð frá árinu 1874. Brunabótafélagið fór einnig fram á nokkrar endurbætur á slökkviliðinu, en byggja átti slönguturn við slökkvistöðina og kaupa mótordælu. Bæjarstjórnin var nú þegar búin að gera ráðstafanir varðandi þessi atriði. Í brunanum mikla hafði komið í ljós að ekki aðeins tækjabúnaður slökkviliðsins hafði brugðist, vatnsleiðslur höfðu heldur ekki dugað sem skyldi. Lagt var til að byggja vatnsgeymi á Rauðarárholtinu og átti að hleypa vatni úr geyminum ef bruna bæri að höndum til að auka vatnþrýsting. ¹¹⁷ Þessar tillögur brunabótafélagsins voru ræddar á bæjarstjórnarfundi þann 6.janúar árið 1916. Bæjarstjórnin var fyrir nokkru búin að samþykkja að byggja slönguturninn og festa kaup á mótordælu, svo það var aðeins vatnsgeymirinn sem var til umræðu. Bæjarstjórnin, Knud Zimsen, sagði að vatnsgeymirinn væri bænum nauðsynlegur, ekki aðeins fyrir eldvarnir heldur einnig til að tryggja bænum nægt vatn. Hann benti á að oft hefði orðið vatnsskortur í háum húsum, benti á að bærinn væri í örum vexti og þörfin á vatni yxi samhliða fólksfjölguninni.¹¹⁸ Svo fór að tillagan um vatnsgeyminn var send í aðra umræðu og var samþykkt, fimmtudaginn 20.janúar, með öllum greiddum atkvæðum, að byggja geyminn. Kostnaðurinn var áætlaður um tuttugu þúsund krónum.¹¹⁹

¹¹⁵ Björn Björnsson. *Fire insurance...*bls. 9 og 34

¹¹⁶ Björn Björnsson. *Fire insurance...*bls. 5-6

¹¹⁷ „Frá bæjarstjórnarfundi“. bls.2

¹¹⁸ „Frá bæjarstjórnarfundi“. bls.4

¹¹⁹ BsR. Gjörðabók Bæjarstjórnar. 6.janúar og 20.janúar 1916.

Mikil umræða var um hækkunina á iðgjöldum í bæjarstjórn og augljóst var að brunabótafélagið hafði tapað á viðskiptum sínum við Reykjavík. Var það talið sérlega slæmt mál vegna samvinnureglunnar sem var í gildi yfir alla kaupstaðina í félaginu, „einn fyrir alla og allir fyrir einn“¹²⁰. Tapið í Reykjavík kom vegna þessa niður á kaupstöðum í Danmörku og var hækkun á iðgjaldinu viðleitni til að bæta upp það tapið. Bæjarstjórnin samþykkti tillögur félagsins en vildi að járnvarin smáhús allt að tíu þúsund króna virði yrðu sett í sérstakan flokk, myndu borga aðeins minna iðgjald því það væri ekki jafn mikil brunahætta af þeim og stórum timburhúsum. Mikil umræða var um að Reykvíkingar hefðu alla tíð borgað hærra iðgjald en íbúar í Danmörku, vegna þess að bærinn byggi ekki yfir viðurkenndri vatnsveitu. Jón Þorláksson lagði til að þessir tveir aurar sem hefðu lagst aukalega á hverjar hundrað krónur vegna skorts á vatnsveitu yrðu látnir hverfa. Bæjarstjórinn hafði áður nefnt þá tillögu við brunabótafélagið. Það var ekki ólíklegt að það gjald myndi leggjast af þegar vatnsgeymir á Rauðarárholtinu væri tilbúinn.¹²¹ Það má líta á þessa rökfærslu Jóns sem heiðarlega tilraun til að sporna aðeins gegn hækkun iðgjaldsins. Þó að komið hafi vatnsveita í bæinn árið 1909 virðist hún ekki hafa haft tilætluð áhrif í að minnka brunahættu í bænum, þar sem hún brást í brunanum mikla. Þetta er eini staðurinn í heimildum þar sem talað er um hærra iðgjald á tryggingum vegna skorts á vatnsveitu. Þétt byggð timburhúsa er sú ástæða sem oftast kemur upp. Tillaga Jóns Þorkelssonar kemur ekki aftur fram í heimildum og er ólíklegt að brunabótafélagin hafi tekið vel í hana í ljósi þessa mikla taps sem félagið hafði orðið fyrir.

Tryggingarsamþykktir höfðu haldist nánast óbreyttar frá inngöngu Reykjavíkur í brunabótafélagin 1875. Samþykktin frá 1914 er aðeins endurnýjun á eldri samningum. Aðeins var fjallað um betri brunavarnir en samþykktin er í grunninn alveg eins og flokkar húsin á sama hátt¹²² Árið 1915 voru aðstæður í Reykjavík mjög ólíkar því sem var árið 1875. Bærinn hafði stækkað umtalsvert, stór timburhús höfðu risið, þó að steinhús voru farin að riðja timburhúsum úr vegi. Brunahætta í Reykjavík var umtalsverð, sérstaklega vegna stórra þyrpinga timburhúsa. Iðgjöldin höfðu haldist óbreytt frá árinu 1875 þrátt fyrir allar breytingar sem höfðu átt sér stað í samfélaginu.

¹²⁰ BsR: Samþykkt um almennu brunatryggingar kaupstaðanna.

¹²¹ „Frá bæjarstjórnarfundi“. bls.2 og BsR. Gjörðabók Bæjarstjórnar. 6.janúar

¹²² BsR. Samþykkt um almennu brunatryggingar kaupstaðanna.

Það mætti ætla að brunabótafélagin hefðu kannski ekki tapað jafn miklum fjármunum ef iðgjöldin hefðu haldist í hendur við breytingar í samfélaginu.

Brunabótafélagið sendi tryggingafulltrúann hr. Kjölbye strax eftir brunann til að meta tjónið. Þegar blaðamaður nefndi við Kölbye fregnir af hækkun iðgjaldsins og ýjaði að því að dýrt væri að tryggja á Íslandi þá svararaði hann: „ Það get eg nú ekki sagt. Það brennur svo mikið hér á Íslandi, að það er seintekinn gróði, að vátryggja fyrir ykkur.“¹²³ Segir hann líka að Reykvíkingar hafi ávallt fengið tryggingarnar á góðum kjörum og ættu að geta fengið það áfram ef umbætur á brunamálunum yrðu framkvæmdar sem fyrst. Brunabótafélagið virtist sýna Reykjavík nokkuð mikla þolinmæði lengi vel hvað tryggingarnar varðar. Iðgjöldin hækkuðu ekki verulega fyrr en eftir brunann, þó félagið hefði áður tapað nokkuð starfseminni í Reykjavík. ¹²⁴

Svo virðist sem þolinmæði tryggingafélagsins gagnvart timburhúsaþyrpingunni og lélegum brunavörnum í Reykjavík hafi verið á þrotum. Félagið, sem hafði verið einn helsti áhrifavaldur að bættum brunavörnum í bænum í gegnum tíðina, krafðist endurbóta, enda væri það best fyrir báða aðila. Þó segi í Gjörðabók bæjarstjórnar frá „tillögum“ frá tryggingafélaginu, myndu þessar „tillögur“ frekar teljast fyrirskipanir því ef bæjarstjórnin neitaði, hefði Reykjavík getað átt von á því að verða úthýst úr félaginu og það var niðurstaða sem hefði ekki verið neinum í hag. Einkennilegt er að félagið hafi ekki gert neinar athugasemdir við ástand brunavarna í bænum á síðustu árum fyrir brunann mikla, þegar félagið virðist hafa verið lengi þeirrar skoðunar að það væri gríðarleg brunahætta í Reykjavík. Einhver doði virðist hafa verið varðandi brunavarnir og bæjarskipulag bæði hjá bæjarstjórninni og tryggingafélaginu, að minnsta kosti þar til illa fór árið 1915.

¹²³ „Bruninn mikli. Viðtal við hr. Kjölbye.“ Bls. 1

¹²⁴ Björn Björnsson. Fire insurance...bls. 5-6

Stofnun Brunabótafélags Íslands

Eftir brunann mikla vildu aðrir kaupstaðir á landinu einnig endurskoða sín brunamál, þar sem þau voru víðast hvar í mjög slæmu ástandi. Þegar bruninn varð 25. apríl 1915 var Reykjavík eini kaupstaðurinn þar sem húsin voru brunatryggð enda lang-stærsti og elsti þéttbýliskjarni landsins. Reykjavík hafði stækkað hratt á nýliðnum áratugum en það höfðu einnig aðrir þéttbýliskjarnar á Íslandi gert og fólk var óðum að flytja á mölina. Aukið þéttbýli þýddi aukna brunahættu. Enginn vildi lenda í öðru svipuðu áfalli og bruninn varð fyrir höfuðstaðinn og núna þurftu aðrir bæir að taka á sínum brunamálum.

Árið 1907 voru samþykkt á Alþingi lög um stofnun Brunabótafélags Íslands. Þar er lagður grunnur að reglugerð um brunavarnir í kauptúnum. Allir hreppar sem töldu fleiri íbúa en 300 voru skyldugir til að hafa til staðar slökkviðælu, viðeigandi slöngur og stúta fyrir dæluna. Hreppurinn bar ábyrgð á því að dælan væri geymd þar sem auðvelt væri að nálgast hana þegar eldur kæmi upp. Einnig voru allir verkfærir karlmenn á aldrinum 20-60 ára skyldaðir til að mæta á slökkviæfingar fjórum sinnum á ári og mæta tafarlaust hvenær sem eldsvoða bar að höndum.¹²⁵ Var þetta í fyrsta sinn sem stjórnvöld huguðu að brunavörnum í kauptúnun utan Reykjavíkur. En þessi lög virðast aðeins hafa verið í gildi í orði en ekki á borði, því umræðan var tekin upp aftur þegar þingið kom aftur saman eftir brunann mikla árið 1915.

Eftir brunann mikla í Reykjavík komst skriður á þetta mál á Íslandi og það var tekið aftur til umræðu. Stofnun Brunabótafélags Íslands var talið hið mesta nauðsynjamál og voru ýmsar ástæður fyrir því. Ástæður meirihlutans fyrir frumvarpinu voru óviðunandi hátt tryggingagjald fyrir utan Reykjavík, að danska brunabótafélagið hafi komið út í gróða á viðskiptum sínum við Reykjavík þrátt fyrir stórbruna og að brunahætta væri hvergi meiri en í Reykjavík. Brunahættan var hvergi meiri en í Reykjavík vegna þéttrar timburhúsabyggðar og einnig var gasveita í Reykjavík sem var ekki annar staðar á landinu. Rök voru færð fyrir því að þetta félag myndi stórgreða á viðskiptum sínum við kaupstaðina.¹²⁶ Miklar umræður urðu um þetta mál á Alþingi og það sem helst stóð í efasemdarmönnum var spurninging hvað gerist ef stórbruni yrði og bæta þyrfti tjónið með peningum úr landssjóði? Meirihlutinn var þess fullviss að ekki

¹²⁵ Alþingistíðindi 1907. B. Frumvarp 192. Bls. 635

¹²⁶ Alþingistíðindi 1915. A. Nefndarálit. Bls.442

yrði neinn taprekstur á Brunabótafélaginu, því Reykjavík yrði áfram hluti af danska brunabótafélaginu og hvergi væri jafn mikil brunahætta og í þar. Ástæðan sem þingmenn nefndu fyrir þessari miklu brunahættu í Reykjavík var gasið. „Það er ekki hægt að taka Reykjavík þar til samanburðar, því að hjer er gas leitt um allan bæinn, og eykur það auðvitað brunahættuna að miklum mun. En í því efni munu fáir bæir hjer á landi taka sjer til eftirbreytni, heldur taka rafmagn í staðinn, en af því stafar engin eldhætta“¹²⁷ sagði Matthías Ólafsson meðflutningsmaður frumvarpsins þegar hann svaraði efasemdum minnihlutans um arðbærni svona félags vegna mikillar brunahættu í kaupstöðum á landinu. Reykjavík var talið vera einsdæmi á landinu varðandi mikla brunahættu og virtust deiluefnin snúast um hversu arðbært þetta brunabótafélag yrði.

Lögin um Brunabótafélag Íslands frá árinu 1907, hafði ekki verið framfylgt. Eftir brunann mikla í Reykjavík, þegar landsbyggðin sá fram á hækkun á iðgjaldi á þeim húsum á sem voru tryggð hjá erlendum brunabótafélögum á óhagstæðari kjörum en í höfuðborginni, þurfti að komast hreyfing á stofnun brunabótafélags Íslands. Þannig hefur bruninn í Reykjavík árið 1915 ýtt undir stofnun Brunabótafélagsins á þessum tíma en greinilega ekki hvatinn að stofnun þess. Hvatinn að stofnun Brunabótafélagsins virðist frekar hafa verið að reyna halda gjaldeyri inni í landinu með því að borga ekki há iðgjöld til erlendra félaga, heldur borga lægri iðgjöld til íslensks félags. Gera þannig landið sjálfbærara og þjóna þannig að einhverju leyti hagsmunum sjálfstæðisbaráttunnar sem var aðalmálefnið í stjórnámálum þess tíma.

¹²⁷ Alþingistíðindi 1915. B. Bls. 1148

Niðurstöður

Reykjavík gekk í gegnum margar breytingar á stuttum tíma um og eftir aldamótin 1900. Alger sprenging varð í mannfjölda, því að fólk flyktist til Reykjavíkur og á mölina um allt land. Ýmsu þurfti að huga að samfara þessari miklu fjölgun og þar á meðal brunamálum sem virðast oft hafa orðið undir í þróuninni. Áhugi á brunavörnum kviknaði reglulega en sá áhugi virðist hafa haft tilhneigingu til að dala. Athyglisvert er að sjá að hvatinn fyrir brunavörnum hefur oftast verið þrýstingur af hálfu danska brunabótafélagsins og brunavarnir voru sjaldnast bættar einungis af þeirri ástæðu einni að bæta öryggi borgaranna. Nokkrir frumkvöðlar létu brunamál sig varða. Mætti þar helst nefna Valgarð Breiðfjörð og Ágúst Flygenring, en báðir börðust þeir fyrir bættum tækjakosti slökkviliðsins en höfðu þeir ekki árangur sem erfiði vegna bágrar stöðu bæjarsjóðs. Bág fjárhagsstaða kaupstaðarins virðist hafa verið helsta hindrunin gegn endurbótum og Reykjavík væri nú ennþá það smá í sniðum svo ekki þyrfti svo stórtæk verkfæri til að kveða niður eld í bænum. Þetta virðist hafa vera nokkuð ríkjandi viðhorf framan af, því væri ótækt að bera Reykjavík saman við kaupstaði í Danmörku þar sem brunavarnir voru í miklu betra horfi. Viðhorf gagnvart brunavörnum voru lengi vel í þá áttina að þær væru meira bruðl með fjármuni heldur en nauðsynjavara og voru bæði sjálfheldisstigarnir hans Valgarðs Breiðfjörðs og véldælan hans Ágúst Flygerings kölluð „lúxus“. Brunavarnir og breytt hugarfar gagnvart þeim virðist ekki hafa fylgt aukinni fólksfjölgun í bænum. Þegar brunavarnirnar voru bættar var það gert yfirleitt of seint og of lítið. Þó var greinilegur vilji fyrir hendi til að bæta stöðu slökkviliðsins og var það þá yfirleitt gert af fullum krafti en alla eftirfylgni skorti. Tækjabúnaðurinn átti til að drabbast niður og áhugi slökkviliðsmanna dofnaði og æfingar urðu færri. Allan eldmóð vantaði í brunamál bæjarins. Aukinni fólksfjölgun fylgdu önnur vandamál í för með sér en tilfinnanlegur skortur á brunavörnum, t.d. mikinn húsnæðisskortur.

Orðræðan um betri brunavarnir fyrir brunann mikla virðist fremur hafa ráðist af hagkvæmni sjónarmiðum. Bættar brunavarnir hefðu kannski þýtt lægra iðgjald á brunatryggingum að minnsta kosti litla hækkun á þeim. Þetta virðist hafa gengið lengi vel að óskum því iðgjaldið hækkaði ekkert frá því Reykjavík gekk í danska brunabótafélagið þangað til eftir brunann 1915. Alkunna var að iðgjöld voru hærri í Reykjavík en í Danmörku vegna þessarar miklu brunahættu sem var í bænum, en fáum virtist detta í hug að gera eitthvað róttækt í málunum og jafnvel draga svo mikið úr

brunahættunni að hún væri sambærileg við kaupstaði í Danmörku. Það þótti of kostnaðarsamt og líklega alltof mikill munaður fyrir smábæinn Reykjavík.

Þegar Hótel Reykjavík brann var strax byrjað að tala um hvað fór úrskeiðis í björgunaraðgerðunum og var niðurstaðan sú að nánast allt hefði farið úrskeiðis. Tækin voru illa farin og ekki nógu góð, skipulagið á slökkviliðinu nánast ekkert og ekki hjálpaði til hversu þétt timburhúsin stóðu. Þrátt fyrir lítinn áhuga á brunamálum fyrir brunann hneyksluðust bæjarbúar á því að svona fór. Blöðin þreyttust ekki á að rita um það sem fór úrskeiðis og hávær gagnrýni var um skort á fyrirbyggjandi aðgerðum. Bæjarbúar virtust hafa séð að sér eftir brunann, allir urðu að taka höndum saman og breyta háttum í Reykjavík til þess betra svo annað eins stórslys gerðist ekki aftur. Reykvíkingar voru strax mjög meðvitaðir um að þarna hefði orðið stórviðburður og líktu brunanum við Brjánsbardaga. Reykjavík var nú komin í hóp með öðrum stórborgum í Evrópu sem einnig höfðu brunnið. Margir töluðu um nýja tíma og að öld steinsteypunnar væri nú runnin upp.

Greinilegt var að Reykjavík var ekki lengur aðeins bær, heldur á hraðleið að verða borg og bæjarbúar kölluðu eftir breytingum þegar þeir sáu á eftir þrettán húsum og tveimur mönnum. Svo virðist sem þeir hafi meðvitað viljað ganga inn í nýja tíma. Í staðinn fyrir gömlu húsin sem brunnu áttu ný glæsilegri hús að rísa úr steinsteypu og er „Nathan og Olsen“ húsið glæsilegur boðberi aldar steinsteypunnar sem var að ganga í garð.

Bruninn virðist einnig hafa hleypt nýju lífi inn í pólitísk baráttuefni þess tíma, t.d. um að fá rafmagnsveitu í Reykjavík. Gasið átti sér marga andstæðinga strax frá byrjun og virðist hafa hlakkað nokkuð í þeim, við að fá brunanum á sem fullkomna átyllu til að losna við gasið. Ekki var ljóst hvaða áhrif gasið hafði á brunann annað en að mjög líklegt er að kviknað hafi út frá gaslampa í herbergi 28 aðfaranótt 25. apríl 1915. En gasið hafði líklega lítið að segja um útbreiðslu eldsins og umfang hans. Mun minni líkur eru á því að kviknað hefði út frá rafmagnslýsingu og voru andstæðingar gassins óvægir í yfirlýsingum sínum um að rafmagnið væri eldfrítt en aftur á móti væri gífurleg eldhætta af gasi. Það er ljóst að það er meiri eldhætta af gasi en rafmagni en rafmagn er langt frá því að vera eldfrítt og getur verið töluverð brunahætta af því ef óvarlega er með farið. Menn tóku stórt til orða til að koma hreyfingu á rafmagnsmálið og fá svo

loks langþráða rafmagnsveitu í bæinn. Gasið var frekar pólitískt þrætuefni heldur en eiginlegur sökudólgur fyrir brunanum.

Timburhúsin voru miklu greinilegri orsök fyrir útbreiðslu brunans og voru þau einnig pólitískt þrætuefni síns tíma. Stór og glæsileg timburhús höfðu í lok 19. aldarinnar verið tákni um nýja tíma, en þau þurftu mikið viðhald og brunnu auðveldlega í eldi. Nú þegar steinsteypan var byrjuð að ryðja sér til rúms í Evrópu og Bandaríkjunum sáu Íslendingar að þetta væri mun hentugra byggingarefni fyrir landið. Steinsteypan hentaði íslensku veðurfari vel og einnig var hægt að nota að nokkru innlent hráefni í hana. Sjálfstæðisbaráttan stóð sem hæst á þessum tíma og sumir fylgismenn steinsteypannar notuðu hana máli sínu til stuðnings. Þeir töldu velferð landsins háða því að minnka innflutning til muna og það væri hægt m.a. með því að byggja úr steinsteypu. Það tók Íslendinga þónokkurn tíma að ná tökum á þessu nýja byggingarefni, en byrjunaröðruleikar virðast hafa stafað af vanþekkingu. Orðræðan fyrir brunann um steinsteypana einkenndist af umræðu um varanleika efnisins og hvað mundi standa uppi fyrir komandi kynslóðir. Þjóðarstoltið setti sitt mark á umræðuna, skort á merki fornbyggingum á landinu vegna lélegs byggingarefnis fyrri tíma, t.d. ef landnámsskáli Ingólfs hefði verið byggður úr steinsteypu væri hann kannski enn standandi.¹²⁸ Þeir sem höfðu sig sem mest í frammi og vildu reisa allt úr steinsteypu, sögðu þeir það vera mikilvægt fyrir þjóðina að byggja hús sem stæðust tímans tönn og vera merki um framfarahug þessarar kynslóðar og góð arfleidd fyrir komandi kynslóðir. Aðalhindrunin fyrir útbreiðslu steinsteypannar var kostnaður, sem var sama vandamálið og með brunavarnirnar. Steinsteypuhús þóttu of dýr, en þegar upp var staðið og litið var fleiri ár framm í tímann, hefði kostnaður líklega orðið lægri vegna minna viðhalds. Einstaka menn höfðu nefnt fyrir brunann að yfirvöld ættu að grípa inn í þróun byggðar í Reykjavík og banna timburhús og örva þannig vöxt steinsteypannar í bænum. Yfirvöldum hefur ekki fundist það vera góður kostur þegar hún var enn nokkuð dýrara byggingarefni en timbur og enn var töluverður skortur á verkþekkingu við byggingu steinhúsa.

Bruninn var góð átylla fyrir þá sem vildu banna timburhúsin og fá nútímalegri borgarbrag á Reykjavík. Hugmyndin um að banna timburhús hafði komið upp fyrir brunann og var þess vegna ekki ný af nálinni, en umræðan virðist ekki hafa verið nærri

¹²⁸ „Ræða G.Björnssonar...“ bls. 206

Því jafn hávær gegn timburhúsum eins og gegn gasinu. Eftir brunann leið mjög stuttur tími þangað til viðbótin í byggingarsamþykktina var samþykkt af bæjarstjórn og timburhús voru bönnuð í bænum. Eftir það var eins og bæjarbúar hálf skömmuðust sín fyrir timburhús og er oftast talað um þá sem hripleka kofa sem væru ekki verðug arfleið fyrir komandi kynslóðir. Þetta viðhorf endurspeglaðist vel í því niðurrifi á timburhúsum í bænum, sem einkenndi byggingarsögu Reykjavíkur lengst af 20.öld.

Tryggingar hækkuðu eftir brunann og Íslendingar fundu sig knúna til að stofna sitt eigið brunabótafélag til að þessir peningar færu ekki úr landi. Stofnun Brunabótafélags Íslands var gott skref í áttina til að gera Íslendinga sjálfbærari. En enginn virðist hafa viljað sjá Reykjavík ganga inn í íslenska Brunabótafélagið, höfuðstaðurinn átti að vera áfram í danska brunabótafélaginu. Reykjavík þótti aðeins vera ávísun á taprekstur Brunabótafélagsins með umtalsvert meiri brunahættu en aðrir bæir á landinu. Alþingismenn bentu á að það væri öruggt að tryggja bæi utan Reykjavíkur, því að aðrir bæir á landinu myndu taka upp rafmagn ekki gas..

Umræðan varðandi brunamál í Reykjavík og landinu öllu breyttist nokkuð í kjölfar brunans en breytingin var ekki jafn mikil og maður hefði haldið. Umræðan gegn timburhúsum og gasinu hafði aukist næstu árin fyrir brunann og líklega var orðið tímaspursmál hvenær yfirvöld tækju harða afstöðu gegn þeim. Það eina sem bruninn virðist í raun hafa gert var að ýta þessum málum áfram og leiða til þess að timburhúsin voru bönnuð fyrr en þau hefðu ella verið og skriður komst á rafmagnsmálið. Segja má að helsta afleiðing brunans hafi verið sú að loksins voru brunavarnir teknar föstum tókum og skipulagi komið á slökkviliðið. Enginn viðlíka bruni hefur orðið í bænum aftur og það er engin tilviljun. Þá breyttist ásýnd bæjarins mikið og má sjá þess merki í dag, þar sem há steinsteypuhús ramma inn Austurvöll.

Erfitt er að segja til um hugarfar hins almenna borgara en óvíst er hvort hann hafi mikið verið að velta fyrir sér brunamálum bæjarins. Elka Björnsdóttir kallaði svæðið við Austurvöll óhófsstöðina miklu og hefur líklega fundist ótrúlegt að upplifa svona bruna en ekki sérlega upptekin af þessu slysi. Næstu dagbókarfærslur eftir brunann eru stútfullar af lýsingum á veðri sem hafði meiri áhrif á daglegt líf Elku heldur en brunarústir og brunamál í bænum.

Það virðist þó hafa orðið einhver vitundarvakning meðal bæjarbúa um þróunina úr bæ í borg, því dagblöðin settu Reykjavík á stall með öðrum stórborgum sem höfðu

lent í bruna t.d. Kaupmannahöfn og Lundúnum. Andrúmsloftið einkenndist af framfarahug og flestir hafa verið hlyntir því að ryðja burtu gömlu kofunum og reisa há steinsteypuhús sem tákn um nýja tíma. Bruninn markaði greinileg tímamót í sögu Reykjavíkur og má segja að hann hafi að nokkru leyti þjófstartað bænum inn í öld steinsteypunnar, tíma borgarinnar.

Heimildaskrá:

Prentaðar heimildir:

Alþingistíðindi 1907 B (Reykjavík 1907).

Alþingistíðindi 1917 C (Reykjavík 1917).

Björn Björnsson. *Fire insurance of houses in Reykjavík*. (Reykjavík 1938).

„Bruninn mikli.“ *Morgunblaðið*. 27.apríl 1915. bls 1.

„Bruninn mikli. Viðtal við hr. Kólbye.“. *Vísir*. 28.maí 1915. bls.1.

“Búnaðarritið”. *Ísafold*, 29.apríl 1915. bls. 262-263.

„Bæjarfréttir“. *Vísir*. 5.árgangur, 12.febrúar 1915. bls. 1

Darnton, Robert. *The Great Cat Massacre and other Episodes in French Cultural History*. (New York 1984).

„Dáinn“. *Reykjavík*. 40.tölublað 1909. bls. 159

„Eldsvoðinn í nótt“. *Vísir*. 27.mars 1916. bls. 1 og 4

„Eftirhreytur frá brunanum. Fyrirburðir “. *Vísir*. 28.apríl 1915. bls. 2

„Enn frá brunanum“. *Vísir*. 27.apríl 1915. bls.4

„Enn um bifdælurnar“. *Morgunblaðið*. 28.apríl 1915. bls. 2

„Fólksfjöldi í Reykjavík“. *Lögrétta*. 24.janúar 1914. bls.18

„Fólksfjöldi í Reykjavík“. *Þjóðviljinn og Þjóðviljinn ungi*. 15.desember 1904. bls. 198

„Frá brunanum.“. *Vísir*. 26.apríl 1915. bls. 1

„Frá bæjarstjórnarfundum 6.jan.“ *Vísir*. 8.janúar 1916. bls. 2 og 4

Gamall Sveitabóndi. „Brjefkaflar“. *Þjóðólfur*. 24.nóvember 1911. bls.174

Guðjón Friðriksson. „Guðmundur Hannesson og skipulag Reykjavíkur.“ *Borgarbrot*. (Reykjavík, 2003). Bls. 45-57.

Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur, Bærinn vaknar 1870-1940*. (Reykjavík 1991)

„Guðjón Sigurðsson úrsmiður“. *Lögrétta*. 28.apríl 1915. bls. 69

- Guðmundur Finnbogason. *Iðnsaga Íslands*. (Reykjavík 1943).
- Guðmundur Hannesson. „Um skipulag bæja“. *Árbók Háskóla Íslands fyrir háskólaárið 1915–1916*. Fylgirit. (Reykjavík 1916).
- Guðmundur Karlsson. *Í björtu báli*. (Reykjavík 1963)
- Hagskinna, sögulegar hagtölur um Ísland*. Ritstjórar, Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. (Reykjavík 1997). Bls. 64-76
- Hannes Þorsteinsson. „Æviágrip Benedikts sýslumanns Sveinssonar.“ *Andvari*. 25:1. (Reykjavík 1900), bls. 1-35.
- „Heimsókn konungs og ríkisþingmanna, Móttökur syðra.“. *Valurinn*. 51.-52.tölublað. 1906-1907. bls. 203-204
- Helgi Skúli Kjartansson. *Ísland á 20.öld*. (Reykjavík 2003).
- Helgi Skúli Kjartansson. „Reykjavík sem verzlunarmiðstöð 1875-1945“. *Reykjavík sem miðstöð þjóðlífs, Safn til sögu Reykjavíkur*, Ritstjóri Kristín Ástgeirsdóttir. (Reykjavík 1977), bls. 172-188.
- „Hjónavígsla“. *Þjóðhvellur*. 8.september 1906. bls. 2
- Hrafn Ingvar Gunnarsson. „Reykjavík og brunamálin 1752-1895“. *Landnám Ingólfs*. (Reykjavík 1986). Bls. 35-77.
- „Húsabyggingar“. *Vísir*. 2.júní 1915. bls. 1
- „Konungskoman“. *Fjallkonan*. 31-32.tölublað 1907. Bls. 122
- Lúðvík Kristjánsson. *Úr bæ í borg, nokkrar endurminningar Knud Zimsen fyrrverandi borgarstjóra um þróun Reykjavíkur*. (Reykjavík 1952)
- Margrét Guðmundsdóttir. „Ræstingakonan í ráðhúsinu við Tjörnina“. *Kvennaslóðir*. Anna Agnarsdóttir og fleiri ritstýrðu. (Reykjavík 2001), bls. 409 – 419.
- „Meira um brunann“. *Vestri*. 16.tölublað 1915. bls. 61
- „Mesti eldsvoði á Íslandi“. *Ísafold*. 29.apríl 1915. bls. 1
- Páll Líndal. „Reykjavíkurhöfn“. *Reykjavík, Sögustaður við Sund*. 3.bindi R-Ö. (Reykjavík, 1988). bls. 22-34
- „Runólfur Steingrímsson. Dáinn aðfaranótt 25.apríl 1915 í brunanum mikla.“. *Vísir*. 28.apríl 1915. bls. 2

„Ræða dr. Jóns Þorkelssonar á Þjóðhátíð Reykvíkinga 2.ágúst 1909.“ *6.ágúst 1909.*
(Reykjavík 190. bls. 128-129)

„Ræða G. Björnssonar, á upprisuhátíð heilsuhælisins á Vífilsstöðum 13.nóv. 1909.“
Þjóðviljinn og Þjóðviljinn ungi. 24.nóvember 1909. bls. 206-27

„Samtíningur“. *Verkamaðurinn.* 19. desember 1918. bls. 12

„Símtal við frú Zoëga“. *Morgunblaðið.* 28. apríl 1915. bls. 2

„Slökkvilið og slökkvitól bæjarins“. *Reykvíkingur.* 23. nóvember 1891. bls. 41-43

„Steinbær“. *Morgunblaðið.* 7. júní 1915. bls. 1

Stjórnartíðindi 1874

„Stórbruni í Reykjavík, aðfaranótt 25.þ.m.“. *Lögrétta.* 28. apríl 1915. bls. 69

„Stærsti bruni á Íslandi. Þrettán hús brenna á svipstundu.“. *Morgunblaðið.* 26. apríl
1915. bls. 1-2

Tacitus. „The Burning of Rome“. *The Annals of Imperial Rome.* Micheal Grant þýddi
yfir á ensku. (Harmondsworth, 1978). bls. 360-368.

Trausti Valsson. *Skipulag byggðar á Íslandi, frá landnámi til líðandi stundar.*
Háskólaútgáfan. (Reykjavík, 2002)

„Um láð og lög“. *Norðurland.* 9. janúar 1915. bls. 1

„Um slökkviliði“. *Morgunblaðið.* 27. apríl 1915. bls. 2

„Vátrygging vor í h. alm. brunabótafélagi dönsku kaupstaðanna“. *Vísir.* 24. júní 1915.
bls. 2

„Verzlunarmannafélag Reykjavíkur“. *Morgunblaðið.* 13. desember 1914. bls. 1.

Óprentaðar heimildir

Handritadeild Landsbókasafns

Lbs 2234 8vo. Elka Björnsdóttir, Dagbækur.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BsR. Gjörðabók bæjarstjórnar 22. júlí 1911. Aðfnr. 4624 C.

BsR Brunamálanefnd 1875-1945. Askja A246

BsR Dagbók Slökkviliðsins 1913-1930. Askja A20444

BsR. Gjörðabók Bygginarnefndar 1914-1921. Aðfnr 4631 A.

BsR: Málasafn borgarstjóra, askja 866, Slökkvitæki 1915-1958, aðfnr. 3427. Ljósmynd KB . Slóð:
[http://www.euarchives.org/index.php?sch=3&lng=nat&pge=photo&cty=reykjavik
&tmp=&nr=33](http://www.euarchives.org/index.php?sch=3&lng=nat&pge=photo&cty=reykjavik&tmp=&nr=33)

BsR. Samþykkt um hina almennu brunatrygging kaupstaðanna. Útgáfa 1914.
Kaupmannahöfn.

Vefheimildir:

„Great Fire of London.“ *Encyclopædia Britannica. Encyclopædia Britannica Online Academic Edition.* Encyclopædia Britannica er ábyrgðaraðili síðunnar. Tekið af vefnum 8.september 2011. Slóð:
<http://www.britannica.com/EBchecked/topic/243274/Great-Fire-of-London>

Sigurgeir Steingrímsson. „Um brunann“. *Árni Magnússon (1663 – 1730) – ævi og störf.* Árnastofnun er ábyrgðaraðili síðunnar. Tekið af netinu 8.september 2011.

Slóð: http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_arni_magnusson#Bruninn_1728